# FRÉTTABLAÐIÐ

94. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 22. APRÍL 2020




Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra og Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, kynntu annan pakka aðgerða til þess að sporna við efnahagslegum skakkaföllum af völdum COVID-19 faraldursins, í Safnahúsinu við Hverfisgötu síðdegis í gær. Enn fleiri aðgerðir verða boðaðar í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Telja ekki nóg að gert

## Formenn stjórnarandstöðuflokkanna munu styðja þær aðgerðir sem boðaðar voru í gær en telja þær of smáar í sniðum og að margir hópar verði útundan.

**STJÓRNMÁL** Formenn stjórnarandstöðuflokkanna munu styðja aðgerðir í öðrum aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar vegna COVID-19 faraldursins en telja að ekki sé nóg að gert.

Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, segir aðgerðirnar í heild sinni allt of smáar og stórir hópar verði út undan. „Það virðist sáralítið vera gert fyrir heimilin, sem einnig verða fyrir tekjufalli," segir Logi og nefnir hækkun atvinnuleysisbóta og frystingu lána sem leiðir. „Sveitarfélögin, sem eru risastór eining, virðast líka gleymast. Þess er krafist að þau auki kostnað án þess að geta aflað tekna á móti. Þetta gengur ekki upp."

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, segir að hún hafi búist við meiru í ljósi þess að mánuður sé liðinn frá síðasta aðgerðapakka.

„Við töldum að ríkisstjórnin ætlaði að hafa skrefin stór og afgerandi eins og ráðherrar hafa ítrekað boðað. Annað hefur komið á daginn. Það eru ákveðin vonbrigði," segir Þorgerður Katrín. „Mér finnst ríkisstjórnin vera svolítið föst í því að ýta skaflinum á undan sér í stað þess að ráðast í að moka hann."

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, tekur í sama streng. Þörf sé á umfangsmeiri aðgerðum fyrir ferðaþjónustuna. „Ég velti því fyrir mér hvort þær verði þess eðlis að vakúmpakka þessi fyrirtæki og þau sett í frost til að hægt sé að taka þau upp fersk aftur þegar markaðurinn opnast."

Hann setur stórt spurningarmerki við útfærsluna á 350 milljóna króna styrk til einkarekinna fjölmiðla. „Það er ekki vanþörf á. Svo fylgir sögunni að ráðherrann fái heimild til að setja reglugerð um hvernig ráðherrann skiptir peningunum á milli fjölmiðlanna, það finnst mér ótrúlegt," segir Sigmundur. „Ég ætlaði varla að trúa þessu og ég held að við hljótum að taka þetta upp í þinginu."

– khg, ab / sjá síðu 6

# Færa niður virði hlutafjár í PCC um milljarða

**VIÐSKIPTI** Fimm íslenskir lífeyrissjóðir, sem fara með meirihluta í Bakkastakka, félagi sem heldur utan um milljarða króna fjárfestingu þeirra í kísilverinu PCC á Bakka, hafa lækkað mat sitt á virði hlutafjár sjóðanna í kísilverinu um á bilinu 75 til 100 prósent.

Þá hefur Íslandsbanki, næststærsti hluthafi Bakkastakks, sömuleiðis fært eign sína „töluvert niður" en í svari til Markaðarins segist bankinn ekki vilja gefa upp um hversu mikið. Niðurfærslan kemur til vegna mikillar óvissu í rekstri PCC.

Samtals hafa lífeyrissjóðirnir, ásamt Íslandsbanka, fært niður hlutafé sitt í PCC um liðlega tvo milljarða en þeir lögðu kísilverinu upphaflega til nærri 2,5 milljarða í hlutafé 2015. – hae / sjá Markaðinn

# Tvöfalda fjölda starfsmanna

**VIÐSKIPTI** Breska fjártæknifyrirtækið Rapyd, sem hefur keypt Korta, áformar að fjárfesta háum fjárhæðum í uppbyggingu á starfsemi íslenska fyrirtækisins.

„Eitt af því fyrsta sem við hyggjumst gera er að ráðast í verulega fjárfestingu á íslenska markaðinum og við munum líklega tvöfalda starfsmannafjölda Korta," segir Arik Shtilman, forstjóri Rapyd, en í dag starfa 40 manns hjá Korta. Ráða á sérhæft starfsfólk þannig að Korta verði miðstöð vöruþróunar Rapyd í Evrópu. – þfh / sjá Markaðinn



Arik Shtilman, forstjóri Rapyd




## Veður




Hæg breytileg átt í dag og bjart með köflum, en sunnan 5-10 m/s og smáskúrir um vestanvert landið. Hiti 5 til 15 stig að deginum, hlýjast austanlands.

SJÁ SÍÐU 16




Ásgerður Jóna segir marga í neyð.

# Margir komnir í mikla neyð

**SAMFÉLAG** Fjölskylduhjálp Íslands mun úthluta matvælum til þeirra sem á þurfa að halda á morgun, föstudag og á laugardag.

Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður Fjölskylduhjálpar, segir að einungis verði tekið við umsóknum frá íbúum í póstnúmerum 101-116 fyrst um sinn vegna takmarkaðs fjármagns. Fólk getur sótt um úthlutun á heimasíðu Fjölskylduhjálpar.

> **Einungis er tekið við umsóknum frá fólki í póstnúmerum 101 til 116 vegna fjárskorts.**

Ásgerður segir gríðarlegan fjölda fólks vera í mikilli neyð og að margir séu komnir á ystu nöf. „Við höfum fengið fjöldann allan af tölvupóstum og skilaboðum frá fólki sem veit ekki sitt rjúkandi ráð, grætur jafnvel í símtölum til okkar,“ segir hún. „En fólk getur sótt um hjá okkur og svo sótt til okkar mat. Við munum fylgja öllum reglum og gæta allra varúðarráðstafana, hér verða tveir metrar á milli manna og engin snerting á milli fólks.“

Þeir sem hljóta matarúthlutun fá tölvupóst eða sms um það hvenær þeir geta nálgast sína úthlutun. „Þá verðum við búin að gera allt tilbúið fyrir viðkomandi sem þarf ekki að gera annað en að sækja,“ segir Ásgerður. **– bdj**

## Losað úr lóninu



Á hverju vori er lón Árbæjarstíflu tæmt, en tilgangurinn með því er að tryggja fiskgengd í gegnum stífluna yfir sumarmánuðina. Rennsli um Elliðaárnar mun því aukast nokkuð á meðan lónið tæmist. Svæðið er hættulegt vegna vatnsstraumsins og þá sérstaklega á meðan lónið tæmist. MYND/ANTON BRINK

# Verkfall gæti hafist að nýju 5. maí hjá Eflingu

**KJARAMÁL** Atkvæðagreiðsla um verkfall félagsmanna Eflingar sem starfa hjá Kópavogsbæ, Seltjarnarnesbæ, Mosfellsbæ, Hveragerðisbæ og Sveitarfélaginu Ölfusi hefst klukkan 13 í dag. Mun rafræn atkvæðagreiðsla standa fram á mánudag.

Greidd verða atkvæði um tillögu samninganefndar Eflingar gagnvart Sambandi íslenskra sveitarfélaga um ótímabundið verkfall sem tæki gildi á hádegi þriðjudaginn 5. maí.

Fyrri verkfallsaðgerðum félagsmanna Eflingar hjá umræddum sveitarfélögum var frestað 25. mars síðastliðinn vegna COVID-19 faraldursins. Boðun þess verkfalls sem hófst 9. mars var samþykkt með 87 prósentum atkvæða.

Kjarasamningur aðila rann út 31. mars 2019. Síðasti samningafundur hjá Ríkissáttasemjara í deilunni var haldinn 24. mars síðastliðinn. **– sar**

# Fuglaflær farnar að valda usla á heimilum

**Nú er sá tími ársins runninn upp að flær geta gert vart við sig í híbýlum fólks. Að sögn sníkjudýrafræðings koma árlega upp nokkur slík tilvik hérlendis. Helst eru það fuglaflær sem herja á fólk og kunna þær best við sig í rúmum.**

**SMÁDÝR** Árlega koma upp allnokkur tilvik þar sem flær valda usla á heimilum fólks, yfirleitt í rúmum og að nóttu til. „Flær lifa helst í grenjum dýra eða hreiðrum enda halda dýrin sig þar helst og heimsækja þann stað aftur og aftur. Rúmið er því rökréttur staður fyrir flærnar ef þær vilja komast í tæri við okkur,“ segir Karl Skírnisson, sníkjudýrafræðingur hjá Háskóla Íslands.

Að sögn Karls skiptast flær í tvo flokka á Íslandi. Annars vegar spendýraflær sem finnast helst á hagamúsum og brúnrottum og fuglaflær sem, eins og nafnið gefur til kynna, sækja helst í fugla. Alls eru fimm tegundir spendýraflóa hérlendis og fimm tegundir fuglaflóa. Algengust er svokölluð starafló eða hænsnafló en einnig dúnfló sem flestir dúnbændur landsins þekkja af illu einu.

Helst eru það flærnar sem sækja í fugla sem angra okkur mannfólkið „Ég hef aldrei greint spendýrafló á heimili en árlega greini ég talsvert af fuglaflóm. Ástæðan er líklega sú að nagdýrin fá ekki að vera í friði í nálægð við mannabústaði. Rotturnar eru að mestu lokaðar niðri í holræsum og mýs eru ekki beint velkomnar á heimilum fólks,“ segir Karl.

Fuglar verpa hins vegar oft nærri mannabústöðum, sérstaklega nýlegir landnemar eins og starrinn. Þessi nálægð getur orðið til þess að flærnar leggist á menn.

Lífsferill fuglaflóa er á þá leið að flóin heldur til í hreiðri fuglsins og sýgur þar blóð úr stálpuðum fuglum og ungum. Flóin verpir eggjum í hreiður og örsmáar hvítar lirfur, eða eins konar maðkar, líta dagsins ljós. Þessar lirfur lifa á skít, í bókstaflegri merkingu, og að endingu púpast þær. Þegar fuglarnir yfirgefa hreiðrið hafa púpurnar hægt um sig þar til einhver hreyfing kemst á hreiðrið að ári. Þá klekjast púpurnar út sem flær og sama hringrás hefst.



Fuglaflóin, Ceratophyllus gallinae, er bráðhuggulegt dýr með mikinn stökkkraft.

> **Flærnar eru mjög blóðþyrstar og smakka á öllu sem þær komast í tæri við.**
>
> Karl Skirnisson, sníkjudýrafræðingur



„Ef engin afskipti eru höfð af hreiðrum þá gengur þessi hringrás svona. Flóin fer bara á flakk ef hún kemst ekki lengur í blóðið í fuglinum,“ segir Karl. Nefnir hann sem dæmi að hreiður spörfugla eru oft lokuð af þegar þeirra verður vart við mannabústaði. „Þá skyndilega svelta flærnar og leita sér að öðrum valkostum. Flærnar eru mjög blóðþyrstar og smakka á öllu sem þær komast í tæri við. Þá eiga þær til að fara inn á heimili fólks og valda þar yfirleitt usla,“ segir Karl.

Þá er einnig mjög algengt að heimiliskettir komist í hreiður fugla og beri þannig flærnar inn á heimili fólks.

Að sögn Karls er besta leiðin í baráttu við flær að fjarlægja hreiður nálægt húsum eftir að fuglarnir hafa yfirgefið það. Flær lifa bara í nokkrar vikur og því ólíklegt að þær sem eru í fullu fjöri þetta vorið eða sumarið muni leita annað eftir að fuglarnir hverfa á braut. Það er kynslóð næsta árs sem fólk þarf að hafa áhyggjur af. **bjornth@frettabladid.is**


Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til 89% lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.




*Fréttablaðið og Morgunblaðið

Heimild: Prentmæling Gallup. jan. - jún. 2019. Lesendur dagblaða á Höfuðborgarsvæðið á aldrinum18-49 ára.

# HJÓLIN KOMIN

## Skoðaðu úrvalið á everest.is




HEAD Granger 29"
**Heildsöluverð 65.995,-**




HEAD Granby Shimano E-6100 27.5+
**Heildsöluverð 307.995,-**




HEAD I-Peak II 28"
**Heildsöluverð 65.995,-**




HEAD City Nexus 28"
**Heildsöluverð 70.995,-**




HEAD Picton I 24"
**Heildsöluverð 121.995,-**




HEAD Junior 16"
**Heildsöluverð 23.995,-**




HEAD Ridott II 24"
**Heildsöluverð 41.995,-**




HEAD Ridott II 26"
**Heildsöluverð 45.995,-**

# ÖLL HJÓL Á HEILDSÖLUVERÐI

# GERÐU VERÐSAMANBURÐ

Sendum frítt um allt land

MAMMUT SWISS 1862 · HEAD · ALPINA EYEWEAR & HELMETS · Vango · HILLEBERG THE TENTMAKER · RUDY PROJECT · GREGORY · EVEREST

Skeifunni 6 · www.everest.is

# Starfshlutfall minnkað langmest hjá ferðaþjónustufyrirtækjum

**ATVINNUMÁL** Rúmlega 13 þúsund manns sem hafa minnkað starfshlutfall eru í ferðaþjónustu eða 40 prósent þeirra sem sótt hafa um úrræði stjórnvalda. Samband íslenskra sveitarfélaga sendi sveitarfélögum tilkynningu varðandi fjölda sem nýtt hefur sér slíkt úrræði og var tilkynningin tekin fyrir á bæjarráðsfundi í Garðabæ í gær. Tölurnar voru teknar saman 15. apríl en 66 prósent eru á höfuðborgarsvæðinu. Alls voru 33.154 skráðir með minnkað starfshlutfall þegar skýrslan var tekin saman. Suðurnesin hafa 11 prósent og Norðurland eystra átta prósent.

Karlar eru 56 prósent þeirra sem hafa sótt um minnkað starfshlutfall en konur 44 prósent. Ungt fólk, sem er 18-29 ára, er 27 prósent þeirra sem hafa sótt um en talan fer lækkandi eftir því sem árunum fjölgar.

Á fundi Garðabæjar var höfuðborgarsvæðið sérstaklega tekið fyrir og þar má sjá að 56 prósent þeirra sem hafa nýtt sér úrræðið búa í Reykjavík, 16 prósent í Kópavogi og 13 prósent í Hafnarfirði. Sjö prósent búa í Garðabæ. Stærsta einstaka atvinnugreinin sem hefur minnkað starfshlutfall er verslun og vöruflutningar en 5.112 einstaklingar hafa nýtt sér úrræði stjórnvalda.

Atvinnuleysi hefur aldrei verið meira, en það rauk upp við faraldurinn. Á sama tíma í fyrra var atvinnuleysi innan við fjögur prósent en er samkvæmt þessum tölum um 17 prósent. Í áætlun fyrir maí er spáð 14,4 prósenta atvinnuleysi um landið allt, þar af 20,2 prósenta atvinnuleysi á Suðurnesjum sem sker sig úr þegar tölurnar eru skoðaðar. Langminnst atvinnuleysi verður á Norðurlandi vestra en þar er spáð 7,4 prósenta atvinnuleysi. **– bb**


**Ferðaþjónustan hefur farið illa út úr COVID-19.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI


**Frá fagnaði bæjarstjórnar við Breiðumýri.** MYND/AÐSEND

## Sérstakar athafnir fyrir minnihlutann

**GARÐABÆR** Minnihlutinn í bæjarstjórn Garðabæjar lagði á síðasta bæjarstjórnarfundi fram þá tillögu að vinnureglu fyrir sveitarfélagið að á undan eða eftir viðburðum sem meirihlutinn skipuleggur, eins og opnun eða skóflustungu við upphaf framkvæmda, þá yrði haldinn annar slíkur viðburður fyrir minnihlutann.

» **Eftir nokkrar umræður var tillagan felld með 8 atkvæðum gegn 3.**

Forsaga málsins er sú að í aprílbyrjun var blásið til fagnaðar á Álftanesi í tilefni af því að gatnagerðarframkvæmdir eru að hefjast í Breiðumýri, sem er ný fjölbýlishúsabyggð miðsvæðis á Álftanesi. Var fulltrúum minnihlutans í bæjarstjórn ekki boðið til fagnaðarins sem féll í grýttan jarðveg.

Eftir nokkrar umræður var gengið til atkvæða og hlaut tillagan ekki hljómgrunn innan bæjarstjórnar. Var hún felld með átta atkvæðum meirihlutans gegn þremur atkvæðum fulltrúa minnihlutans. **– bþ**

# Ein af tíu tekin kyrkingartaki

**Tæplega fimmtán hundruð konur leituðu til Landspítala með áverka vegna heimilisofbeldis á tíu ára tímabili. Tæp tíu prósent þeirra höfðu verið teknar kyrkingartaki af maka sínum. Sálfræðingur segir mikilvægt að ofbeldismenn leiti sér aðstoðar til að stöðvar ofbeldishegðun.**

**SAMFÉLAG** Tæp tíu prósent þeirra kvenna sem leituðu til Landspítalans á árunum 2005-2014 með áverka vegna heimilisofbeldis höfðu verið teknar kyrkingartaki af núverandi eða fyrrverandi maka sínum eða barnsföður. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn Drífu Jónasdóttur, doktorsnema við læknadeild Háskóla Íslands.

Niðurstöður rannsóknarinnar, sem var unnin úr gögnum frá Landspítala, sýna að 1.454 konur leituðu til spítalans á tímabilinu vegna ofbeldis sem þær höfðu orðið fyrir af hálfu maka. Tæp 93 prósent þeirra leituðu á bráðamóttöku og rúm þrjú prósent þeirra voru lagðar inn.

„Þetta er mikill fjöldi kvenna en þetta eru samt bara konurnar sem segja beint frá því að hafa orðið fyrir ofbeldi,“ segir Drífa.

Í rannsókninni er sjónum beint að líkamlegum áverkum og segir Drífa stærstan hluta áverkanna vera yfirborðsáverka. „Konurnar koma með áverka á spítalann meðal annars vegna þess að þær hafa verið kýldar, slegnar, sparkað hefur verið í þær, þeim hrint, þær teknar kyrkingartaki og dregnar um á hárinu. Tegundir áverka eru til dæmis yfirborðsáverkar, tognanir, sár og beinbrot.“

Áverkana segir Drífa flesta vera á höfði, hálsi og andliti kvennanna og á handleggjum. „Svo eru þetta oft dreifðir áverkar þannig að hver kona er með áverka á víð og dreif um líkamann. Þetta eru ekki staðbundnir áverkar,“ segir Drífa.

„Á bak við þær konur sem voru til skoðunar í þessari rannsókn voru karlar,“ segir Drífa. „Þrátt fyrir að fólk af öllum kynjum sé beitt ofbeldi og beiti ofbeldi þá sneri þessi rannsókn að konum sem beittar voru ofbeldi af karlkyns mökum sínum, þannig að þeir bera ábyrgð á þessum áverkum,“ bætir hún við.


**1.454 konur leituðu til Landspítalans árin 2005 til 2014 vegna ofbeldis af hálfu maka síns.** FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

> **Ég hvet alla sem beita ofbeldi til þess að leita sér hjálpar.**
>
> Andrés Ragnarsson, sálfræðingur

„Það er alls konar fólk sem beitir ofbeldi og hefur alls konar útskýringar á sinni hegðun en það þarf að fá aðstoð við að hætta að beita ofbeldi,“ segir Drífa.

Andrés Ragnarsson sálfræðingur rekur verkefnið Heimilisfriður, þar sem fólki sem beitir ofbeldi er veitt meðferð. Hann segir að til Heimilisfriðar leiti helst fólk sem beiti maka sinn ofbeldi, um 75 prósent skjólstæðinga eru karlar og 25 prósent konur. Öll kyn séu velkomin og að til séu úrræði fyrir alla sem vilji hætta að beita hvers konar ofbeldi.

„Okkar hlutverk er það að stoppa alla ofbeldishegðun,“ segir Andrés. „Hingað kemur gríðarlega mikið af fólki og síðasta mánuðinn hefur orðið sprenging í komum,“ bætir hann við.

Hann segir mikilvægt að þeir sem leiti til Heimilisfriðar komi þangað af fúsum og frjálsum vilja og að rannsóknir sýni að meðferðin sem beitt er minnki ofbeldishegðun. „Við notum sálfræðilegar aðferðir til þess að breyta þessari hegðun. Í mörgum tilvikum er það þannig að fólk sem beitir ofbeldi kann ekki annað eða að ofbeldi sé viðbragð sem það hefur lært,“ segir Andrés.

„Við sýnum fólkinu sem til okkar kemur virðingu þrátt fyrir að við tökum algjöra afstöðu gegn ofbeldi,“ segir hann og bætir við allir geti leitað til þeirra. „Hér er ekki löng bið eftir viðtölum og ekki dýrt að leita sér hjálpar. Félagsmálaráðuneytið niðurgreiðir starfsemina svo viðtalið kostar aðeins 3.000 krónur. Ég hvet alla sem beita ofbeldi til þess að leita sér hjálpar.“ **birnadrofn@frettabladid.is**




# Ísland er tíu sætum neðar en hin Norðurlöndin yfir frelsi fjölmiðla

**FJÖLMIÐLAR** Ísland fer niður um eitt sæti á heimslista samtakanna Blaðamenn án landamæra og vermir nú fimmtánda sætið. Formaður Blaðamannafélags Íslands telur niðurstöðurnar ekki trúverðugar. Samtökin gefa út á hverju ári lista yfir 180 ríki heims og flokka eftir frelsi fjölmiðla í hverju landi. Norrænu löndin verma fjögur efstu sætin, Noregur það fyrsta.

Í skýrslu samtakanna er tekið fram að á Íslandi ríki „algjört málfrelsi“ samkvæmt stjórnarskránni. Þrátt fyrir það hafi staða blaðamanna versnað síðan 2012 vegna súrnandi sambands þeirra við stjórnmálamenn.

„Ef það er staðreynd að við erum að lækka út af því þá ættum við í raun að vera að hækka,“ segir Hjálmar Jónsson, formaður Blaðamannafélags Íslands. Hann segir að þrátt fyrir að tíu sæti séu á milli Íslands og hinna Norðurlandanna séum við alveg á pari við þau hvað varðar fjölmiðlafrelsi.

> **Það hefur gengið upp og niður á undanförnum árum, árið í ár er ekkert endilega eitthvað verra en í fyrra.**
>
> Alma Ómarsdóttir, formaður Félags fréttamanna



Alma Ómarsdóttir, formaður Félags fréttamanna, tekur í svipaðan streng. „Maður veltir aðeins fyrir sér á hverju þeir byggja þetta. Það hefur gengið upp og niður á undanförnum árum, árið í ár er ekkert endilega eitthvað verra en í fyrra.“

Hún segir að síðustu ár hafi íslenskir fjölmiðlar fjallað ítarlega um mál sem hafa leitt af sér afsögn ríkisstjórna svo fátt eitt sé nefnt. „Það er samt sem áður áhyggjuefni að Ísland sé að lækka núna enda mikilvægur tími fyrir frjálsa fjölmiðlun.“

Listinn byggir á gögnum eins og tölfræði um réttindabrot blaðamanna. Tölfræði um myrta og fangelsaða blaðamenn í hverju landi vegur þó mikið. Evrópulöndin er flest að finna í efstu sætunum Norður Kórea vermir neðsta sætið. **– ási**

# ÖLL REIÐHJÓL ERU NÚ ÁN VSK*

ALLTAF

16" Ultra

23.999 kr





16" Ultra

23.999 kr

20" Rebel

53.999 kr



20" Alissa

34.999 kr



24" Alissa

37.999 kr



24" Rebel

57.999 kr



26" Speedster

39.999 kr



29" GRX 9

89.999 kr



Allt úrvalið er í Smáralind, Garðabæ, Kringlu og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum.

*yfirvöld hafa fellt niður virðisaukaskatt af öllum reiðhjólum undir 200.000 kr.

24

**Dreifum álaginu - minnkum biðraðir**

Við hvetjum viðskiptavini að nýta sér langan opnunartíma eftirfarandi Hagkaups verslana:

- Skeifa og Garðabær - opið allan sólarhringinn.
- Spöng, Eiðistorgi og Akureyri - 08:00 til 00:00 alla daga.

HAGKAUP

# Formenn kynntu víðtækan stuðning við fyrirtæki og viðkvæma hópa

**Formenn stjórnarflokkanna þriggja kynntu annan hluta aðgerða til að mæta efnahagslegum skakkaföllum vegna COVID-19 faraldursins á blaðamannafundi í Safnahúsinu í gær. Lokunarstyrkir fyrirtækja, frestun skatta, geðheilbrigðismál og stuðningur við nýsköpun og einkarekna fjölmiðla eru hluti af aðgerðunum. Heildarkostnaðurinn við aðgerðirnar er metinn 60 milljarðar króna.**

**COVID-19** Annar aðgerðapakki ríkisstjórnarinnar var kynntur á blaðamannafundi í Safnahúsinu í gær af Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra, Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra og Sigurði Inga Jóhannssyni, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Heildarkostnaðurinn er metinn á um 60 milljarða króna og kemur ofan á fyrsta pakkann, sem metinn var á um 230 milljarða.

Eins og búist var við verður komið frekar til móts við fyrirtæki sem orðið hafa fyrir tekjumissi vegna faraldursins. Kynnti Bjarni svokallaða lokunarstyrki til handa þeim fyrirtækjum sem sóttvarnayfirvöld hafa skipað að loka, svo sem hárgreiðslustofum, nuddstofum, líkamsræktarstöðvum og fleirum. Eru þetta 800 þúsund krónur á hvern starfsmann en 2,4 milljónir að hámarki til hvers rekstraraðila.

Einnig stuðningslán til smærri fyrirtækja, sem orðið hafa fyrir 40 prósenta tekjufalli, með fullri ríkisábyrgð að hámarki sex milljónir króna. Þá verður fyrirtækjum, sem rekin voru með hagnaði, heimilað að fresta skattgreiðslum fyrir árið 2019.

Sigurður Ingi kynnti ýmsar félagslegar aðgerðir og stuðning til að koma til móts við ýmsa hópa. Meðal annars verða 540 milljónir lagðar í geðheilbrigðis- og fjarheilbrigðisþjónustu, 145 milljóna framlag til að tryggja hjálp og stuðning við þolendur heimilisofbeldis, 55 milljónir til styrkingar Barnahúss og 200 milljónir fara til fjölskyldna langveikra barna. Þá verða börn í tekjulægri fjölskyldum styrkt um 600 milljónir til íþrótta- og tómstundastarfs.

Vegna tekjutaps jöfnunarsjóðs verða sveitarfélög styrkt um 1,5 milljarð til að bæta aðgengi fyrir fatlaða. Verði staða sveitarfélaganna greind almennt af Byggðastofnun og tæknibróun efld. Sagði Sigurður Ingi að sérstaklega yrði horft til Suðurnesja þar sem atvinnuleysi er gríðarlega hátt. „Jafnframt boðum við að skoða þurfi verkefni annarra sveitarfélaga þar sem atvinnuleysi er jafnvel komið yfir 40 prósent þó þar séu færri íbúar,“ sagði hann.

Þá kynnti Sigurður að einkareknir fjölmiðlar yrðu styrktir um 350 milljónir, vegna tapaðrar auglýsingasölu og er það menntamálaráðherra að útfæra styrkina með reglugerð. Sem og framlínuálag, eingreiðslu til á þriðja þúsund heilbrigðisstarfsmanna vegna ástandsins.

„Við erum engir nýgræðingar í niðursveiflum,“ sagði Katrín Jakobsdóttir og vísaði til efnahagshrunsins 2008. „Ég lít svo á að þessar félagslegu aðgerðir endurspegli þá lærdóma að grípa strax inn í gagnvart viðkvæmum hópum.“

Sjálf kynnti hún aðgerðir fyrir námsmenn, að tveimur milljörðum yrði varið til tvö til þrjú þúsund sumarstarfa fyrir stúdenta og vonast til þess að sveitarfélögin komi með mótframlag. Einnig verði námsframboð í sumar aukið og tveimur milljörðum varið í menntaúrræði fyrir atvinnuleitendur.

Stutt verður við nýsköpunarfyrirtæki. Rúmlega milljarður króna fer í stuðning við nýsköpunarsjóðinn Kríu og hækkaða heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í nýsköpun. „Með þessu erum við að segja að við ætlum að veðja á þau sóknartækifæri sem við teljum að liggi í þekkingargeiranum og nýsköpunargeiranum,“ sagði Katrín.

Verður komið á fót nýjum matvælasjóði með 500 milljóna framlagi til þess að tryggja matvælaöryggi landsins og að listamannalaun yrðu aukin um 250 milljónir.

kristinnhaukur@frettabladid.is



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra kynnti meðal annars stuðning við stúdenta og nýsköpunarfyrirtæki í Safnahúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Við erum engir nýgræðingar í niðursveiflum.
>
> Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra

## Helstu tölur úr öðrum aðgerðarpakka

- Áætlað er að heildarumfang aðgerðanna verði 60 milljarðar króna
- Einkareknir fjölmiðlar styrktir um 350 milljónir króna
- 14 þúsund fyrirtæki fá stuðningspakka. Allt að 800 þúsund krónur fyrir hvern starfsmann, 2,4 milljóna króna styrk að hámarki
- Lítil fyrirtæki með meira en 40 prósenta tekjufall geta fengið lán upp á 6 milljónir króna með 100 prósent ríkisábyrgð
- 600 milljónum króna veitt í frístundastyrki barna
- 200 milljónir króna fara í stuðning til Barnahúss, hjálparsímann 1717 auk félagasamtaka sem sinna ráðgjöf
- 1,5 milljarðar króna fara í að bæta aðgengi fyrir fatlað fólk og lagfæra byggingar
- Endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar verða hækkaðar úr 20 í 25 prósent
- 500 milljónir króna verða settar í Matvælasjóð
- 250 milljónir króna verða settar í listamannalaun til viðbótar, nemur hækkunin um 40 prósentum
- 1 milljarður króna fer í launaauka til framlínustarfsmanna. Nánari útfærsla er í höndum heilbrigðisstofnana
- 200 milljónir fara í nýjan samning við garðyrkjubændur
- 2,2 milljarðar króna fara í sérstakt átak til að fjölga tímabundnum störfum fyrir námsmenn hjá hinu opinbera, eða sem nemur 3000 störfum
- 800 milljónir króna verða lagðar í að bjóða upp á sumarnám á framhalds- og háskólastigi
- Atvinnuleysi mun ná 17 prósentum í apríl samkvæmt áætlun Vinnumálastofnunar, sem er mesta atvinnuleysi frá því að mælingar hófust árið 1957. Mun það minnka í maí

## Segir hlutabótaleiðina betri og kröftugri leið en að fikta í tryggingargjaldinu

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir að þær aðgerðir sem kynntar voru til stuðnings fyrirtækjum muni ekki duga fyrir alla og óumflýjanlega verði gjaldþrot. Aðgerðirnar séu þó hannaðar til að ná til breiðs hóps.

„Af þeim 18 þúsund fyrirtækjum sem eru með fólk á launaskrá hjá sér þá sjáum við að 14 þúsund af þeim munu uppfylla almennu skilyrðin til að fá aðgengi að stuðningslánunum, en þá er aðeins spurningin hvort þau hafa orðið fyrir því tekjufalli sem gert er skilyrði um. Samkvæmt gróFu mati gætu það verið um átta þúsund fyrirtæki sem er gríðarlegur fjöldi fyrirtækja,“ segir hann.

Aðspurður um eftirlit með lánum og styrkjum sem nú flæða úr ríkissjóði segir hann að byggt sé á sömu meginreglu og fylgdi brúarlánunum sem kynnt voru í fyrsta pakkanum. Að lögfesta öll helstu skilyrði og síðan verði komið á fót eftirlitsnefnd sem ber að skila skýrslu til þingsins og ráðherra um framvinduna.

Lækkun eða afnám tryggingargjalds hefur verið í umræðunni en er ekki hluti af aðgerðapakkanum. Bjarni segir að sú leið komi vissulega til móts við atvinnurekendur hvað launakostnaðinn varðar. „Það sem við erum að gera með hlutabótaleiðinni er miklu stærri og kraftmeiri aðgerð en að fikta í tryggingargjaldinu, sem er sex prósent og dugar mjög skammt gagnvart fyrirtækjum sem eru að horfa upp á tugprósenta tekjuhrun.“

Segir hann jafnframt að skoða þurfi launakostnaðinn í víðara samhengi. „Nú eru laun að hækka og lítill vilji til að létta undir með fyrirtækjunum hvað það snertir. Eftir því sem launakostnaður hækkar er eðlilegt, og ég skil það vel, að fólk fari að horfa á launatengdu gjöldin. Við teljum þó á þessu stigi máls að við eigum að vera að horfa til annarra þátta sem eru skilvirkari,“ segir hann.

Um samráð segir Bjarni að hagsmunaaðilar hafi haft greiðar boðleiðir að stjórnvöldum í þessu ástandi. Margt í félagslega pakkanum eigi rætur hjá stéttarfélögunum og sumt snýr að fyrirtækjum í samtali við atvinnurekendur. Hvað stjórnarandstöðuna varðar segir hann að hugmyndirnar hafi verið kynntar á fundum. „Helsta tækifæri stjórnarandstöðunnar til að hafa áhrif á mál eru í gegnum hina þinglegu meðferð.“



Bjarni kynnti stuðning við einkafyrirtæki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


FOSSHOTEL
Fimmtán hótel um land allt
ORKAN
Ódýrast í öllum landshlutum
Bílabúð Benna
Notaðir bílar
Kaupauki!
með völdum bílum
Sjö nætur
á Fosshótelum
að verðmæti 210.000 kr.
Eldsneytiskort
að verðmæti 50.000 kr.
Ævintýrapottur
Skráðu þig til leiks á notadir.benni.is
Vinningar dregnir út á Bylgjunni
Ísland vill sjá þig
í sumar
Bílabúð Benna gefur þér tækifæri til að kynnast Íslandi betur í sumar og styðja við íslenska ferðaþjónustu í leiðinni.
Dæmi
Nissan Qashqai '18: Verð frá 2.890.000 kr.
Dæmi
SsangYong Korando '16: Verð frá 1.590.000 kr.
Dæmi
Opel Grandland X '19: Verð frá 2.990.000 kr.
Dæmi
SsangYong Tivoli '16: Verð frá 1.790.000 kr.
Dæmi
Suzuki Vitara '19: Verð frá 2.990.000 kr.
Dæmi
SsangYong Rexton '16: Verð frá 2.490.000 kr.
Meira úrval á
notadir.benni.is
Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330
Opnunartímar:
Virka daga 12-17
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2035
Opnunartímar:
Virka daga 9-18
Laugardaga 12-16
Bílabúð Benna
* Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.

# Vill tryggja olíuiðnaði örugga framtíð

**BANDARÍKIN** Donald Trump Bandaríkjaforseti hyggst bjarga olíu- og gasframleiðslurisum þar í landi í kjölfar COVID-19 faraldursins. Í tísti í gær lofaði hann að ráðherrar orkumála og fjármála myndu setja saman aðgerðapakka til að tryggja fyrirtækjum iðnaðarins örugga framtíð.

„Við munum aldrei bregðast hinum frábæra olíu- og gasiðnaði Bandaríkjanna,“ sagði Trump.



**Donald Trump, forseti Bandaríkjanna**

Hann tísti frekar um þjóðaröryggismál því fyrr um daginn sagðist hann ætla að loka landinu tímabundið fyrir innflytjendum. „Í ljósi árásar þessa ósýnilega óvinar og einnig vegna skyldu okkar að vernda störf okkar frábæru íbúa,“ sagði hann í tístinu áður en hann lofaði að skrifa undir forsetatilskipun þessa efnis.

Verð á bandarískri hráolíu hrundi á mánudag og varð neikvætt í fyrsta sinn í sögunni. COVID-19 faraldurinn hefur orðið til þess að eftirspurn eftir olíu hefur nær þurrkast upp á sama tíma og olíutankar víða í Bandaríkjunum eru óðum að fyllast. Markaðir tóku við sér í gær en verðið var þá enn þá sögulega lágt, einungis 12 dollarar á hverja tunnu. Í byrjun árs var verðið nær 60 dollurum. **– así**




**Netrisinn lokaði sex vöruhúsum.**

# Amazon í deilum í Frakklandi

**FRAKKLAND** Netsölurisinn Amazon á nú í deilum við frönsku verkalýðshreyfinguna um starfsemi fyrirtækisins á tímum COVID-19. Verkalýðshreyfingin sakar Amazon um að gera ekki nóg til að vernda starfsfólk gegn kórónaveirunni.

Í gær fór fram málflutningur fyrir áfrýjunardómstóli í Versölum. Þar reyndi Amazon að fá hnekkt úrskurði lægra dómstigs frá síðustu viku sem takmarkar starfsemi fyrirtækisins. Samkvæmt úrskurðinum má Amazon aðeins flytja matvörur og aðrar nauðsynjar.

Af þeim sökum neyddist Amazon til að loka sex vöruhúsum í Frakklandi þar sem um tíu þúsund manns starfa. Einn lögmanna Amazon sagði fyrir dómstólnum í gær að fólk hefði líka þörf fyrir ýmsar tæknivörur, síma, vörur fyrir börn og líkamsræktartæki.

Lögmaðurinn sagði markmið verkalýðshreyfingarinnar að loka á starfsemina myndi koma sér illa fyrir lítil fyrirtæki sem seldu vörur sínar hjá Amazon. Fyrirtækið gæti þurft að draga úr starfsemi í landinu.

Lögmaður verkalýðsfélaganna segir starfsmenn reiðubúna til viðræðna um öryggismál og bendir á að afkoma Amazon undanfarið jafnist á við jólavertíð. Ekki sé viðeigandi að kvarta undan ósanngirni. Búist er við niðurstöðu í lok vikunnar. **– sar**

## Mótmælendur virða tveggja metra regluna



Um 2.000 ísraelskir mótmælendur mættu á Rabin torgið í borginni Tel Avív til að mótmæla spillingu stjórnvalda. Mótmælendurnir notuðu farsímaljós til að vekja athygli á málstaðnum. Eins og sjá má á myndinni virtu flestir tveggja metra regluna um samskiptafjarlægð. MYND/EPA

# Forsetinn heldur sig til hlés

**Rússland er það land þar sem COVID-19 faraldurinn er í mestum vexti. Vladimir Pútín forseti heldur sig til hlés og lætur héraðsstjóra um óvinsælar ákvarðanir en er þó harðlega gagnrýndur fyrir sein viðbrögð.**



**Spítölum hefur fækkað mikið og þeir úrelst í 20 ára valdatíð Pútíns.** MYND/EPA

**RÚSSLAND** COVID-19 faraldurinn breiðist hraðast um Rússland þessa dagana miðað við uppgefnar tölur um smit. Í gær komu upp 5.642 tilfelli í landinu en tæplega 53 þúsund tilfelli eru greind í heildina og rúmlega 450 staðfest andlát. Marga grunar þó að útbreiðslan sé mun meiri og gagnrýni á Vladimir Pútín, forseta landsins, eykst.

Rússland hefur ekki verið mikið í faraldursdeiglunni fram að þessu vegna fárra tilfella. Fyrstu tilfellin komu þó upp snemma í faraldrinum, í lok janúar. Langflest tilfellin hafa komið upp í höfuðborginni Moskvu og nágrenni hennar, eða rúmlega 36 þúsund. Aðeins 2 þúsund tilfelli hafa komið upp í Sankti Pétursborg, næststærstu borginni, en rúmlega 500 tilfelli hafa komið upp í hinu mjög fámenna Komi héraði í norðurhlutanum.

„Það er að verða nokkuð ljóst að rússnesk yfirvöld vanmátu hættuna af COVID-19. Viðbrögðin voru of sein og þess vegna sjáum við nú mikinn fjölda nýrra tilfella,“ segir Andrius Tursa, sérfræðingur um málefni Austur-Evrópu, í samtali við CNBC. „Raunveruleg útbreiðsla víðs vegar um Rússland gæti verið umtalsvert hærri en tölurnar segja til um, því að efasemdir eru uppi um áreiðanleika prófana og rússnesk yfirvöld eiga langa sögu yfirhylmingar á stórum atvikum.“ Nærtækast er vitaskuld yfirhylmingin á kjarnorkuslysinu í Chernobyl árið 1986.

Eins og víðs vegar um heim hafa harðar takmarkanir og útgöngubann verið sett á í Rússlandi. Pútín sjálfur hefur þó reynt að halda sig til hlés og látið ríkisstjóra í einstökum héröðum um að ákveða og boða aðgerðir, sem eru síst líklegar til að afla vinsælda. Stjórnmálaskýrendur segja að

> **Efasemdir eru uppi um áreiðanleika prófana og rússnesk yfirvöld eiga langa sögu yfirhylmingar á stórum atvikum.**
>
> Andrius Tursa, sérfræðingur um málefni Austur-Evrópu

þó að þessi aðferð forsetans virki að einhverju leyti, þá glati hann samt þeirri stöðu að sýnast sterkur leiðtogi á krísutímum.

Í Rússlandi óttast margir að heilbrigðiskerfið muni ekki ráða við faraldurinn, ef hann nær sömu hæðum og gerðist á Spáni og Ítalíu, og er nú að gerast í Bandaríkjunum. Rússneska heilbrigðiskerfið sé þegar mjög undirfjármagnað og helmingi færri spítalar nú en þegar Pútín tók við árið 2000. Birgðaskortur er mikill á rússneskum spítölum og búnaður gamall og úreltur. Það var ekki fyrr en 15. apríl sem Pútín veitti héröðum aukafjármagn til að takast á við útbreiðsluna og í lok mars var hafist handa við að byggja 16 sérstaka bráðabirgðaspítala.

Pútín sjálfur er hins vegar ekki aðeins gagnrýndur fyrir sein viðbrögð við faraldrinum sjálfum heldur einnig efnahagslegum afleiðingum. Áður en faraldurinn skall á voru Rússar þegar í erfiðri stöðu vegna olíuverðstríðs við Sádi-Araba og tekjur ríkisins því minni. Opinberlega hafa deiluaðilar nú slíðrað sverðin en bak við tjöldin beita þeir rýtingunum. Verðið á olíu er í frjálsu falli og rúblan hefur fallið um 30 prósent á þessu ári.

**kristinnhaukur@frettabladid.is**

HÚSASMIÐJAN

blómaval

# Sumartilboð

## í Húsasmiðjunni og Blómavali

**Reiðhjól 20"**
Hvítt og bleikt 10".
3901789

**36.990 kr**

Öll trampólín
**20% afsláttur**
Hefst í dag

25% afsláttur

OUTBACK

**32.240 kr**
~~42.990 kr~~

**Gasgrill Solo**
Eitt vinsælasta gasgrillið frá Outback, frábært grill fyrir heimilið eða bústaðinn, þrír ryðfríir brennarar, grillsvæði 628x406 mm.
3000393

**Trampólín 3,66 m**
12 fet/3,66 m, 6 fætur með öryggisneti.
Vandað og gott.
3900557

**31.900 kr**
~~39.990 kr~~

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Sjáðu verðið!

# Hjólin eru komin

**Evrópskt gæðamerki á ótrúlegu verði**
Skoðaðu allt úrvalið á **husa.is**

AUTHOR
26"

**39.990 kr**
~~46.990 kr~~

**Reiðhjól 26"**
A- Matrix 26".
3901795

25% afsláttur

Sjáðu verðið!

Broil King

**37.490 kr**
~~49.990 kr~~

**Gasgrill GEM 320**
Þriggja brennarar, grillflötur 55x37 cm, grillgrind í steypujárni, hliðarborð.
3000613

25% afsláttur

OUTBACK

**19.490 kr**
~~25.990 kr~~

**Gasgrill Omega 200**
Outback gasgrill, grillflötur 50x36 cm.
3000225

**Rafmagnshekkklippur**
620W, 60 cm blað, klippir allt að 22 mm, þyngd 3,6 kg.
5083686

**11.996 kr**
~~14.995 kr~~

20% afsláttur

BLACK+DECKER

**16.995 kr**
~~21.496 kr~~

21% afsláttur

**Rafmagnskeðjusög**
1800W, 35 cm blað, hraði keðju 13,5 m/s.
5083681

**Gróðurmold**
45 ltr.
**999 kr**

JONGKIND

**Sýpris**
**1.990 kr/stk.**
80-100 cm.

**Allar háþrýstidælur**
**20% afsláttur**

**Allar Hyper cut greina- og hekkklippur**
**25% afsláttur**

## Pallaefnið er komið
Mikið úrval

Græn vara

FSC FORESTS FOR ALL FOREVER

**Minnum á pallareiknirinn á husa.is. Fáðu tilboð hjá okkur.**

# Óreiðunefndin



Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Sannleikurinn á undir högg að sækja. Réttar upplýsingar eru æ oftar dregnar í efa og rangar upplýsingar flæða um allt. Á sama tíma og gegnsæið sannar gildi sitt hefur heimsfaraldurinn með átakanlegum hætti varpað ljósi á skaðsemi jafnt þöggunar sem árása á frjálsa og óháða fjölmiðla. Komið hefur á daginn að veiran er verst þar sem lygin er mest.

Mikilvægi vandaðra frétta er engu minna en hinna pólitísku stjórnmála sem kippt hefur verið úr sambandi. Valdhafar hafa nú aukið svigrúm til að taka fordæmalausar ákvarðanir og borgararnir sitja heima, kvíðnir fyrir framtíðinni, óttaslegnir vegna faraldursins og þyrstir í upplýsingar.

Það gefur auga leið að fjölmiðlar sem átt hafa í alvarlegum rekstrarerfiðleikum um árabil eru illa í stakk búnir til að takast á við það mikilvæga hlutverk að veita áreiðanlegar og vandaðar upplýsingar á þessum örlagatímum. Því síður þegar keppt er við villt vestur samfélagsmiðlanna þar sem innan um frjálsa umræðu borgaranna leynast duldar auglýsingar, pólitískur undirróður, sögusagnir og samsæriskenningar af óljósum uppruna, oft í virðulegum fréttabúningi.

Þessi upplýsingaóreiða veldur tvenns konar hættu. Rangar upplýsingar eru skaðlegar í sjálfu sér en þær geta líka skapað vítahring falsfrétta og þöggunar. Í nýrri skýrslu samtakanna Blaðamenn án landamæra er varað við þeim hvata sem upplýsingaóreiðan skapar fyrir stjórnvöld til að bregðast við. Bent er á að viðleitni til að koma böndum á hana með reglusetningu geri sjaldan annað en bregða fæti fyrir gagnrýninn og óháðan fréttaflutning.

Íslensk stjórnvöld eru nýfallin í þessa gryfju en þjóðaröryggisráð ákvað á dögunum að skipa vinnuhóp til að kortleggja umfang upplýsingaóreiðu á tímum COVID-19 og gera tillögur um aðgerðir gegn henni.

Lög gegn upplýsingum eru ekki fýsileg leið til að auka veg upplýsingar. Vaxandi tekjusamdráttur fjölmiðla á undanförnum árum hefur grafið undan gæðum fréttaflutnings og bolmagni fjölmiðla til að veita stjórnvöldum gagnrýnið aðhald. Vegna viðvarandi manneklu og lágra launa er reynsluleysi íslenskra blaðamanna orðið nánast sjálfbært, því þeir brenna út af álagi áður en þeir ná að öðlast víðtæka reynslu í starfi og ávinna sér traust lesenda, viðmælenda og heimildarmanna. Það tekur tíma og lærdóm að mynda slíkt traust. Í því fjandsamlega rekstrarumhverfi sem íslenskir fjölmiðlar búa við eru reyndir blaðamenn sjaldséðir.

Það viðbótaráfall sem faraldurinn hefur valdið íslenskum fjölmiðlum undanfarnar vikur skapaði ekki þennan vanda, heldur hafa íslenskir fjölmiðlar holast að innan á mörgum árum án þess að nokkuð hafi verið að gert.

Til að sporna gegn upplýsingaóreiðunni þarf að skapa rekstrargrundvöll fyrir frjálsa og óháða fjölmiðla til framtíðar. Það þolir ekki lengri bið því í kjölfarið þarf að byggja upp öfluga stétt blaðamanna. Það er langtímaverkefni.

Í fyrrnefndri skýrslu spyr Christophe Deloire, framkvæmdastjóri Blaðamanna án landamæra, hvernig umhverfi frjálsra fjölmiðla og upplýsingafrelsis muni líta út árið 2030. „Það eru aðgerðir eða aðgerðaleysi dagsins í dag sem móta svarið við þeirri spurningu.“

**Komið hefur á daginn að veiran er verst þar sem lygin er mest.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Borga fyrir að fylla**

**Í dag hefst atkvæðagreiðsla um verkfall félagsmanna Eflingar í nokkrum sveitarfélögum. Bendir allt til þess að það verði samþykkt. Verður það að teljast aðdáunarvert af hálfu Eflingar að fara ekki í verkföll á meðan það versta gekk yfir og að halda kröfum sínum til streitu. Verður það ærið verkefni að kreista út krónur þegar meira að segja æðstu embættismenn ríkisins eru mögulega kannski hugsanlega tilbúnir að frysta laun sín tímabundið. Mun það jafnvel ná til hinna ýmsu forstöðumanna bingóvöðva báknsins.**

**Verða verkfallsaðgerðir á þessum tímapunkti jafn erfiðar og að reyna að fá bensínstöðina til að borga sér fyrir að fylla á bílinn vegna stöðunnar á hráolíumarkaði. Það má þó alltaf reyna.**

**Hrossalækningar**

**Oft hefur verið talað um hrossalækningar þegar kemur að efnahagsmálum. Hefur nú verið gengið skrefinu lengra þegar Framsóknarflokkurinn teflir fram dýralækni í stórar efnahagsaðgerðir í stað þess ráðherra sem mögulega hefur mesta þekkingu á efnahagsmálum. Ástæðan er auðvitað einföld, það mega ekki fleiri en tuttugu vera samankomnir á einum stað og bæði flokksformenn og ofurbloggarar þurfa að komast fyrir. Mun ráðherrann þó líklega komast inn fyrr en síðar.**

**arib@frettabladid.is**

# Næsta veira bíður okkar



Ágúst Ólafur Ágústsson
þingmaður Samfylkingarinnar

Það er nokkuð víst að COVID-19 sjúkdómurinn er ekki síðasti heimsfaraldurinn sem mannkynið þarf að kljást við. En hvernig tengist sú staðreynd dýravelferð? Nú búa um 8 milljarðar manna á jörðinni en þeir voru um helmingi færri þegar ég fæddist fyrir rúmum 40 árum. Jarðarbúar stefna í að verða um 10 milljarðar eftir um 30 ár. Samhliða þessari miklu fjölgun jarðarbúa hefur kjötframleiðsla aukist mjög mikið með tilheyrandi samneyti við dýr.

Nú er talið að það megi rekja kóróna-veiruna frá leðurblökum til hreisturdýra og þaðan til manna. SARS-faraldurinn, svínaflensuna, fuglaflensurnar og fleiri faraldra má einnig rekja til náins samneytis manns og dýra. Vegna hrikalegra aðstæðna á matarmörkuðum úti í hinum stóra heimi geta þeir virkað sem gróðrarstía fyrir stökkbreyttar veirur og sem stökkpallur veiru á milli tegunda.

**Dýravelferð er velferð mannsins**

Í því ljósi má velta fyrir sér hvernig við komum í veg fyrir eða að minnsta kosti lágmörkum hættuna á fleiri hættulegum sjúkdómum í framtíðinni. Það þarf að huga miklu betur að þeim aðstæðum sem dýrin búa við ásamt hinni gegndarlausu kjötframleiðslu. Einungis þrjár húsdýrategundir, það er kjúklingar, svín og nautgripir, vega meira en öll önnur dýr, þar með talið mannfólkið, samanlagt á jörðinni. Það er bæði upplýsandi og hrollvekjandi staðreynd.

Við munum ráða niðurlögum kórónaveirunnar með vísindin að vopni. En við munum hins vegar þurfa aftur að kljást við ættingja veirunnar áður en langt um líður, ef við breytum ekki um stefnu í samneyti okkar við dýr, aðbúnað þeirra og framleiðslu.

Dýravelferð er nátengd velferð mannsins og það er mjög ljóst í núverandi ástandi. Hugsum vel um dýr. Þá farnast okkur mönnunum vel.

**Dýravelferð er nátengd velferð mannsins og það er mjög ljóst í núverandi ástandi.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir RITSTJÓRI: Jón Þórisson jon@frettabladid.is, FRÉTTASTJÓRAR: Ari Brynjólfsson arib@frettabladid.is, Garðar Örn Úlfarsson gar@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Kristjón Kormákur Guðjónsson kristjon@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir bjork@frettabladid.is MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Leyndarhyggja og laumuspil



**Þorsteinn Sæmundsson**
þingmaður Miðflokksins

Okkur Íslendingum hefur gengið nokkuð illa að vinna úr ýmsum eftirmálum bankahrunsins sem varð hér fyrir rétt rúmum áratug. Allerfitt hefur reynst að safna saman upplýsingum um margt það sem þá gerðist. Núverandi stjórnvöld hafa gengið nokkuð ákveðið fram í viðleitni sinni til að fela mál í leyndarhjúpi. Sum gögn hafa verið læst inni til áratuga, önnur er erfitt að nálgast og ýmist borið við bankaleynd eins og í tilfelli Eignarhaldsfélags Seðlabankans og Lindarhvols, persónuvernd líkt og með sölu fullnustueigna Íbúðalánasjóðs (nú HMS), ellegar að um viðskiptaleyndarmál sé að ræða eins og um málefni Landsvirkjunar.

Ein af fremstu skyldum Alþingis og þar með alþingismanna er að sinna eftirlitsskyldu með framkvæmdavaldinu og stofnunum ríkisins. Þingmenn hafa einkum þrjár leiðir til að vekja athygli á málum og/eða kalla eftir upplýsingum um þau. Það er með fyrirspurnum, með því að biðja um sérstaka umræðu um tiltekið mál eða vekja máls á þeim undir dagskrárliðnum „Störf þingsins“. Í nokkur ár hefur pistilritari gert nokkrar tilraunir til að fá fram upplýsingar um tiltekin mál. Það hefur gengið misilla og mjög hægt. Mig langar hér að greina frá fyrirspurnum um eitt ákveðið efni – sölu fullnustueigna Íbúðalánasjóðs.

Á árunum eftir hrun misstu þúsundir fjölskyldna húsnæði sitt í hendur fjármálastofnana. Þær eignir voru síðar seldar ýmist ein og ein eða í „kippum“. Fjöldi einstaklinga sem missti húsnæði sitt á þessum tíma

**Í framhaldi af því var unnið minnisblað af lögfræðisviði þingsins þar sem fram kemur að persónuverndarlög gilda ekki um Alþingi.**

hefur verið í sambandi við þingmenn þar á meðal þann sem ritar þennan pistil í von um að fá að vita hvað varð um eignir þeirra. Einnig í von um að geta aftur eignast þak yfir höfuðið. Engin frásögn sem pistilritari hefur heyrt frá þessum aðilum lætur mann ósnortinn.

Ég sendi inn fyrstu fyrirspurn mína varðandi þetta mál snemma árs 2018. Ég fékk svar við hluta fyrirspurnarinnar rétt um ári síðar en vinnureglan er sú að fyrirspurnum þingmanna sé svarað innan hálfs mánaðar eða að beðið sé um frest til svara. Í þessu hlutasvari kom fram að um 4.600 íbúðir höfðu verið teknar af fólki af Íbúðalánasjóði á árunum 2010 til ársloka 2017. Fyrir þær höfðu verið greiddar um 57 milljarðar króna. Þegar ég óskaði frekari upplýsinga, þ.e. hverjir hefðu keypt, var borið við persónuverndarsjónarmiðum. Boðið var upp á að svar yrði sent Alþingi og þinginu látið eftir hvort það yrði birt. Eftir að hafa innt bæði félags- og barnamálaráðherra svo og dómsmálaráðherra eftir upplýsingum um kaupendur, sem eru NB opinberar upplýsingar og liggja fyrir í þinglýsingabókum, alls fimm sinnum á árunum 2018 og 2019 án þess að fá svör, leitaði ég liðsinnis forseta Alþingis og forsætisnefndar. Rétt er hér að þakka viðbrögð forseta Alþingis og starfsmanna þess við þeirri bón.

Í framhaldi af því var unnið minnisblað af lögfræðisviði þingsins þar sem fram kemur að persónuverndarlög gilda ekki um Alþingi. Þar kemur einnig fram að Alþingi ritstýrir ekki svörum ráðherra við fyrirspurnum, svörin eru birt í Alþingistíðindum um leið og þau berast skv. þingskapalögum. Að síðustu kemur fram í minnisblaðinu að svör þeirra tveggja ráðherra sem um ræðir við fyrirspurnum mínum standast hvorki þingskapalög né lög um ráðherraábyrgð.

Svo langt var gengið að ráðherrarnir skirrðust ekki við að brjóta þingskapalög og fara á svig við ráðherraábyrgð til að viðhalda þöggun í málinu, en þetta hefur félags- og barnamálaráðherra nú gert undanfarin þrjú ár. Allt virðist lagt að veði til að koma í veg fyrir að opinberað verði hverjir gerðu sér veislu úr ógæfu annarra á árunum eftir hrun.

Með rök minnisblaðs lögfræðisviðs Alþingis í farteskinu lagði ég fyrirspurn mína fram í sjöunda sinn nú í byrjun febrúar. Svar hefur ekki borist en þegar ýtt var eftir málinu nýlega var skyndilega beðið um ótímabundinn frest til að svara fyrirspurninni sem nú varðar upplýsingar um sölu fullnustueigna Íbúðalánasjóðs (nú HBS) til síðustu áramóta. Enn er beðið svars og í ljósi reynslunnar virðist félags- og barnamálaráðherra ætla að hanga á svarinu til þingloka en þá dettur fyrirspurnin upp fyrir og þarf að endurtaka hana á næsta þingi. Hvað er þá til ráða? Einfalda svarið er að hægt er að bera fram vantraust á ráðherra sem brýtur lög um ráðherraábyrgð. Hætt er við að meirihlutinn að baki viðkomandi slái um hann skjaldborg og felli vantraustið. Færi svo tæki sami meirihluti ábyrgð á lögbrotum viðkomandi ráðherra. Það yrði athyglisverð niðurstaða. Annar möguleiki er að stefna ráðherrunum fyrir dóm til að fá upplýsingarnar fram. Eitt er víst að einskis verður látið ófreistað til að fá niðurstöðu í þessu máli.

# Svona virkar þingbundið lýðræði



**Ari Trausti Guðmundsson**
þingmaður VG

Nú þegar Alþingi er með alla sína þingmenn starfhæfa og góðan fjarfundarbúnað ber því skylda til þess að afgreiða þingmál sem eru bein viðbrögð við faraldrinum (kölluð COVID-mál). Það höfum við gert og verið í líflegum umræðum í þingsal um leið og við virðum sóttvarnir. Fundarskjáir vítt og breitt um húsnæði Alþingis tryggja að það gengur upp. Ávallt eru aðeins þeir í sal sem ræða mál eða hafa uppi andsvör (oftast 5-10 þingmenn). Aðrir fylgjast með og fjöldinn í þingsal alla jafna svipaður og þegar enginn er faraldurinn!

Fjöldatakmörkun brast í fyrsta og eina skipti þegar nokkrum mönnum var ofaukið í þingsal 16. apríl. Þá átti að hefja þóf um fundarstjórn forseta en með öðrum orðum um dagskrá þingfundarins. Fimm þingmönnum var þar ofaukið, á þeirra ábyrgð.

Ásakanir og feluleikur með raunverulegar ástæður upphlaups stjórnarandstöðunnar er raunalegur; orð um aðför að lýðræðinu alröng. Á dagskrá þingsins voru nokkur stjórnarmál, m.a. um hollustuhætti á vinnustöðum, sjúkratryggingar, stuðning við sprota- og nýsköpunarfyrirtæki og framkvæmdasjóð ferðamanna, og samvinnuverkefni í vegagerð. Fyrir þeim átti ráðherra að mæla, þingmenn að ræða innihaldið, hafa uppi andsvör ef svo bæri undir, en málum svo vísað til þingnefnda sem nota fjarfundarbúnað. Flokkar stjórnarandstöðunnar virðast aftur á móti vilja hindra að löngu kunn stjórnarmál komist áleiðis í alllangt en brýnt vinnuferli. Bera fyrir sig sóttvarnir eða að mál séu „í ágreiningi“. Hvað annað ætli gildi um flest stjórnarmál?

Einna verst er þó orðræðan um að semja skuli um framlagningu stjórnarmála. Þau eru að öllu jöfnu í forgangi á þingdagskrá í þingbundnu lýðræði. Að sjálfsögðu var gert samkomulag í upphafi faraldursins um að COVID-mál hefðu forgang alla leið til atkvæðagreiðslu. En engin stjórnarandstaða getur svo krafist þess að auki, ef nægt rými er í tíma og rúmi, að þingstarf á borð við fyrstu umræðu um stjórnarmál og nefndastarf, sem oftast tekur vikur með hvert mál, leggist með öllu af.

Á fimmtudaginn lágu engin hrein COVID-mál fyrir. Virðing fyrir þingbundnu lýðræði felst í að nýta ekki undantekningarástand (t.d. faraldur) til þess að halda aftur af reifun annarra þingmála og kleifri nefndavinnu, auk þess sem mörg fyrirliggjandi þingmál til fyrstu umræðu varða beinlínis atvinnu fólks, efnahagsmál og velferðina;

**En engin stjórnarandstaða getur svo krafist þess að auki, ef nægt rými er í tíma og rúmi, að þingstarf á borð við fyrstu umræðu um stjórnarmál og nefndastarf, sem oftast tekur vikur með hvert mál, leggist með öllu af.**

varða viðbrögð við faraldrinum þegar allt kemur til alls! Hver eru rökin fyrir slíkum töfum?

Hrollkaldur tölvupóstur Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar 16. apríl, sem hann missti greinilega úr höndum sér til annarra en flokksmanna, afhjúpar andlýðræðislega pólitíska aðferðafræði með þessum kjarna: Því fleiri óumdeild stjórnarmál sem andstaðan skemmir fyrir í núverandi ástandi, hvað sem gagnsemi þeirra líður, þeim mun betra fyrir mig og mína. Í póstinum afhjúpast gróf tilraun til að grafa undan þingbundnu lýðræði sem ekki má líða. Eru aðrir úr forystu stjórnarandstöðunnar samþykkir þessari aðferðafræði? Ég vona ekki, en það á eftir að koma í ljós.

**Dagskráin á Hringbraut**





**„Umhyggjuhagkerfi er það sem við tökum út úr þessari kreppu,“**

segir **Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.** Katrín er á einlægum nótum í viðtali hjá **Ásdísi Olsen** í þættinum **Undir yfirborðið** og notar orð eins og **auðmýkt, mannúð, kvennasamstaða,** gegnsæi, jafningjastjórnun, **kvenorka** og **umhyggjuhagkerfi.**

Umræðuefni þáttarins er **kvennasamstaða** og **umhyggjuhagkerfi** en auk Katrínar er rætt við **Hönnu Björgu Vilhjálmsdóttur,** jafnréttisfrömuð.

Þátturinn er sýndur á Hringbraut **kl. 20:00 í kvöld.**

Undir yfirborðið

**FRÉTTIR, FÓLK & MENNING** á Hringbraut og hringbraut.is

**Fylgstu með!**

# ÞAÐ ER KOMIÐ SUMAR!

**TIL ÞÍN FRÁ OKKUR!**






**Sápukúlusverð**
Verð: 379.-



**Vatnsblöðrupumpa**
Verð: 1.799.-



**Krítar jumbo 54stk í boxi**
Verð: 1.799.-
**Götukrít 15 litir í fötu**
Verð: 499.-




**Hvolpasveitin - Sápukúluvél**
Verð: 3.999.-



**Sápukúlur kóngur | drottning**
Verð: 499.-



**Sippuband 210 cm**
Verð: 599.-



**Flugdreki**
Verð: 1.499.-



**Gripkörfur sett**
Verð: 799.-



**Vatnsbyssa**
Verð: 999.-



**Golfsett**
Verð: 1.999.-

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON













**Á fjarlægri strönd**
**TILBOÐSVERÐ: 3.299.-**
Verð áður: 3.999.-

**Ennþá ég**
Verð: 3.999.-

**Villinorn nr.4 - Blóðkindin**
Verð: 2.999.-

**Skólaráðgátan**
Verð: 4.299.-













**Ketóflex 3-3-1**
**TILBOÐSVERÐ: 4.999.-**
Verð áður: 5.999.-

**Þögla stúlkan**
Verð: 3.999.-

**Vigdís - Bókin um fyrsta konuforsetann**
Verð: 4.499.-

**Tumi ætlar út**
Verð: 1.499.-
**Emma og litli bróðir**
Verð: 1.499.-













**Allt í plati!**
Verð: 4.299.-

**Dullarfulla símahvarfið**
Verð: 2.999.-

**BFG**
Verð: 2.899.-

**Georg og magnaða mixtúran**
Verð: 2.699.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 14, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði – Strandgötu 31
Keflavík – Sólvallagötu 2
Akureyri – Hafnarstræti 91–93
Akranesi – Dalbraut 1
Ísafirði – Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum – Bárustíg 2
Húsavík – Garðarsbraut 9
Flugstöð Leifs Eiríkssonar
Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is
Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda á til og með 27. apríl eða meðan birgðir endast. Gildistími auglýsingar er til og með 27. apríl. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Kjarnbítar kringum Höfn

**Þó ferðamennina vanti þetta vorið halda farfuglarnir okkar vananum og flykkjast til landsins þessa dagana. Brynjúlfur Brynjólfsson á Höfn er manna fróðastur um þá.**

Ætli krían sé ekki nýjasti farfuglinn? Ég sá tvær þann 18. apríl og áðan voru milli tíu og tuttugu úti í Óslandi, segir Brynjúlfur Brynjólfsson, fuglaáhugamaður á Höfn, sem fylgist vel með komu hinna vængjuðu sumardvalargesta. Hann segir þá ekki alla komna. „Einn og einn af hverri tegund slæðist oft á undan, svo kemur megnið á réttum tíma. Áttirnar hafa verið þeim hagstæðar síðustu daga.“

Brynjúlfur, eða Binni, eins og hann er kallaður, kveðst ferðast talsvert vegna fuglaskoðunar. „Mest er ég á svæðinu frá Jökulsárlóni í vestri að Starmýri í Álftafirði í austri. Mikill hluti farfuglanna kemur inn á Suðausturlandið en þá getum við miðað við að það nái frá Djúpavogi að Vík. Við erum með GPS-senda á grágæs, heiðagæs og helsingja og þær tegundir taka strikið frá Bretlandi beint í Hornafjörðinn, svo breyta þær stefnunni, aðallega til vesturs. Túnin í Flatey á Mýrum voru algerlega þakin gæsum í gær.“

Binni er einn af stofnendum Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands og það er félagi hans, Björn Arnarson frá Reynivöllum líka. Binni segir þá félaga yfirleitt hafa samband nokkrum sinnum á dag. „Við skiptumst á að merkja fugla sem við föngum fyrir Náttúrufræðistofnun í rannsóknarskyni. Í gær náðum við fimmtán þúsundasta skógarþrestinum á rúmum fimmtán árum.“




**Brynjúlfur við sína uppáhaldsiðju – að fylgjast með fuglum.** MYND/AÐSEND

> **Við erum með GPS-senda á grágæs, heiðagæs og helsingja og þær tegundir taka strikið frá Bretlandi beint í Hornafjörðinn, svo breyta þær stefnunni, aðallega til vesturs.**

Hvað um sjaldgæfa fugla? „Við fengum einn í netið nýlega sem heitir grátittlingur og er líkur þúfutittlingi. Tveir kjarnbítar hafa verið hér í kring og ég sá einn á Stafafelli í Lóni áðan. Sú tegund sést æ oftar og gæti farið að verpa hér á landi. Á túnum í Suðursveit eru líka tvær sjaldgæfar gæsir, alaskagæs og kanadagæs. Báðar litlar.

Heldurðu að hrafninn sé farinn að huga að hreiðurgerð? „Örugglega. Það er einn að labba hér á girðingunni hjá mér. Þeir eru tveir sem vita alveg hvar fóðurdallurinn minn er.“

**gun@frettabladid.is**

---



†

Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þóra Kristín Helga Magnúsdóttir**
Klettahlíð 18, Hveragerði,

lést 18. apríl á hjúkrunarheimilinu Fossheimum, Selfossi.
Útförin fer fram í kyrrþey. Minningarathöfn verður auglýst síðar. Þeir sem vilja minnast hennar láti Fossheima njóta þess. Starfsfólki Fossheima þökkum við sérstaklega góða umönnun og hlýju.

**Guðbrandur Valdimarsson**
**Magnús Jensson** **Ásta Guðleifsdóttir**
**Ólöf Ásbjörg Grissom** **David Grissom**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamamma, amma og langamma,

**Helga Valtýsdóttir**
Einilundi 6, Garðabæ,

lést þann 19. apríl á Hrafnistu í Hafnarfirði. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu mun útförin fara fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir til starfsfólks Ölduhrauns fyrir hlýju og alúð við umönnun.

**Björn Björnsson**
**Ásta María Jónasdóttir** **Hallgrímur Júlíusson**
**Sigríður Björnsdóttir** **Páll Ásmar Guðmundsson**
**Birna Björnsdóttir** **Anthony Mills**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Hildur Björnsdóttir**

lést þann 18. apríl í faðmi fjölskyldunnar.
Útförin fer fram í kyrrþey.
Með sérstökum þökkum til Heimahlynningarinnar á Akureyri viljum við benda þeim sem vilja minnast hennar á Heimahlynninguna og Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis.

**Yngvi Hrafn Pétursson**
**Helena Guðlaug Bjarnadóttir**
**Inga Gerða Pétursdóttir**
**Jón Ágúst Guðmundsson**
**Jón Sigurbjörn Pétursson**
**og barnabörn.**

---



†

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Sigurrós Ingvadóttir**

lést á heimili sínu laugardaginn 18. apríl. Útför verður auglýst síðar.

**Bára Mjöll Ágústsdóttir** **Helgi Magnús Baldvinsson**
**Jóna Vigdís Kristinsdóttir** **Stefán Þorvaldsson**
**Ómar Þór Ágústsson** **Margrét Rósa Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Kristín Guðmundsdóttir**
Strandvegi 1, Garðabæ,

lést á líknardeild Landspítalans mánudaginn 13. apríl.
Í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu mun útför hennar fara fram í kyrrþey.

**Valsteinn Viðir Guðjónsson**
**Þóra Björk Valsteinsdóttir** **Asimakis Tsoukalas**
**Valsteinn Konstantín Tsoukalas**
**Kristín Krisúla Tsoukala**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Guðmundur Guðbrandsson**
bóndi, Saurbæ, Vatnsdal,

lést 19. apríl. Útför mun fara fram í kyrrþey en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvinasamtök HSN á Blönduósi.
Starfsfólki HSN viljum við færa bestu þakkir fyrir góða umönnun á liðnum árum.

**Sigrún Grímsdóttir**
**börn, tengdabörn og barnabörn.**

---



†

Elsku móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Svana Sigtryggsdóttir**
Syðri-Kárastöðum,

lést á Landspítalanum 19. apríl.
Vegna ástandsins í samfélaginu mun útförin fara fram í kyrrþey.

**Ólafía R. Ingólfsdóttir** **Jón Óskar Pétursson**
**Unnsteinn Fannar Ingólfsson**
**Jón Loftur Ingólfsson** **Elísa Sigríður Guðmundsdóttir**
**Guðbjörg Lilja Ingólfsdóttir**
**og barnabörn.**

---



†

Ástkær systir okkar, mágkona og frænka,

**Sylvia Sveinsdóttir**
frá Hveravík,
Hafnargötu 66, Keflavík,

lést á heimili sínu, mánudaginn 20. apríl.
Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Alda Sveinsdóttir** **Valdimar Axelsson**
**Reynir Sveinsson**
**og frændsystkini.**

---



†

Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigurborg Skjaldberg**

lést þann 16. apríl sl. á Landspítalanum.
Vegna aðstæðna verður eingöngu nánasta fjölskylda viðstödd útförina sem fram fer 30. apríl nk. en minningarathöfn verður haldin síðar.

**Baldur Snæhólm Einarsson**
**Katrín Snæhólm Baldursdóttir** **Ólafur Kristjánsson**
**Ólöf Snæhólm Baldursdóttir**
**Davíð Snæhólm Baldursson** **Stella Ingibjörg Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurjón Guðjónsson**
vélfræðingur,
Vorsabæ 8,
Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi, föstudaginn 17. apríl.

**Magnea Helgadóttir**
**Ragna Jóna Sigurjónsdóttir** **Magnús Matthíasson**
**Helgi Sigurjónsson** **Freydís Ármannsdóttir**
**Ingibjörg Sigurjónsdóttir** **Grímur Þór Grétarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

# Fólk
Heimili

MIÐVIKUDAGUR 22. APRÍL 2020



Sigurborg Selma leggur áherslu á ljósa liti á heimilinu, sem gerir það bjartara og opnara. Þá eru svalirnar tvennar ekki af verri endanum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ljóst og bjart heima, jafnvel í allra mesta skammdeginu

Sigurborg Selma Karlsdóttir býr ásamt eiginmanni sínum og tveimur sonum í bjartri og fallegri íbúð í nýju hverfi sem rís nú í Hlíðunum. Fjölskyldan er afar heimakær og eru gæðastundirnar nú orðnar margar í opnu alrýminu. →2

DAG HVERN LESA
93.000
ÍSLENDINGAR
FRÉTTABLAÐIÐ
AÐ MEÐALTALI



Svartur Le Creuset pottur hvílir á eldavélinni.



Kertastjakarnir frá KER eru í miklu uppáhaldi.



Svarti Eames-fuglinn nýtur sín í bakgrunninum á píanóinu sem Kári leikur á. Blómavasinn er frá KER og blómin eru frá 4 árstíðir. Hægt er að skoða vörurnar frá KER bæði á Instagram og á kerrvk.is. MYND/SIGURBORG SELMA

Framhald af forsíðu ➪

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



Sigurborg Selma er hönnuður eins og sjá má á fallegu heimilinu sem einkennist af ríkulegri birtu, fallegum listmunum og opnu rými. „Ég bý með manninum mínum Gísla Halldóri Ingimundarsyni og sonum okkar þeim Kára og Benjamín.“

## Ánægð í Hlíðunum

Sigurborg hefur búið í Hlíðunum um árabil og segir fjölskyldunni líða vel á þeim slóðum. „Ég hef búið í Hlíðunum í 15 ár. Við erum mjög ánægð hérna í Hlíðunum.“ Þau fluttu þegar Benjamín litli var nýfæddur. „Við fluttum hingað sumarið 2018. Þá var Benjamín 10 daga gamall.“

Sigurborg segir að birtan og opið rýmið hafi heillað þau við eignina, en gluggarnir eru stórir og opið er á milli eldhúss og stofu. „Hvað hún er rosalega björt og rúmgóð. Gólfsíðir gluggarnir eru algjört æði og svo er mjög næs að vera með tvennar svalir.“

Þau hafa ekki staðið í miklum framkvæmdum þar sem íbúðin var tilbúin, að undanskildu gólfefni sem þau völdu. „Húsið var nýbyggt þegar við keyptum íbúðina. Hún var tilbúin en við völdum sjálf partekið sem er úr gegnheilli eik.“

## Nýtt í bland við gamalt

Eikarparketið er ljóst að lit sem gerir það að verkum að rýmið verður enn bjartara og léttara. „Okkur líður vel að hafa allt svona ljóst og bjart inni hjá okkur, jafnvel í mesta skammdeginu er íbúðin einhvern veginn samt björt, líklega vegna þess að hún mjög opin og hátt til lofts,“ segir Sigurborg.

Fjölskyldan unir sér vel heima eins og greina má á innilegu andrúmsloftinu. „Ég er mikið fyrir að blanda saman gömlum munum og nýjum. Við erum öll mjög heimakær og höfum gaman af því að gera fínt í kringum okkur.“

Fallegir list- og keramikmunir eru áberandi í íbúðinni en móðir Sigurborgar er einn færasti leirkerasmiður landsins. „Uppáhaldsverkið okkar fengum við í brúðkaupsgjöf og er eftir Ignacio Uriarte. Uppáhaldsmunirnir okkar eru svo frá KER Reykjavík. Móðir mín, Guðbjörg Káradóttir, hannar og handrennir keramik og postulín undir því merki og er nýbúin að opna netverslunina kerrvk.myshopify.com“

Það stendur ekki á svörum þegar Sigurborg er spurð að því hver sé uppáhaldsstaðurinn í íbúðinni.

„Alrýmið. Það er frábært að geta verið að elda á meðan strákarnir eru að dunda sér í stofunni, en samt verið í sama rými. Við eyðum langmestum tíma saman í alrýminu.“

Þá nefnir hún nokkra hluti sem eru í miklu eftirlæti. „Uppáhaldshluturinn minn er nýi blómavasinn minn frá KER og Lavala kertastjakarnir frá KER. En svo verð ég líka að nefna nýju kaffivélina mína.“

Hvar færðu innblástur? „Úr tímaritum og af Instagram.“

Það eru ekki fyrirhugaðar framkvæmdir á heimilinu, enda búið að nostra við hvern krók og kima. „Við erum ofboðslega sátt við heimilið eins og það er.“



Vörurnar frá KER eru á Instagram.com/kerrvk.is.



Herbergi Benjamíns er afar hlýlegt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Eldhúsið fallega og kaffivélin kærkomna, en hún er í miklu uppáhaldi.

**„Ég er mikið fyrir að blanda saman gömlum munum og nýjum. Við erum öll mjög heimakær og höfum gaman af því að gera fínt í kringum okkur.**

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 22. apríl 2020

16. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

**FRÍ HEIMSENDING**

Pantið linsur á heimasíðu
Opticalstudio.is
eða í síma 511 5800




Optical Studio

| | |
|---|---|
| Acuvue Moist, 3 pk. | kr. 8.000 |
| Acuvue Oasys, 3 pk. | kr. 10.250 |
| Dailies Total, 3 pk. | kr. 10.250 |
| Dailies AquaComfort Plus, 3 pk. | kr. 7.250 |
| Acuvue Vita, mánaðar, 2 pk. | kr. 6.150 |
| Acuvue Oasys, 2. vikna, 2 pk. | kr. 4.950 |
| Acuvue, sem dökkna í sól, 1 pk. | kr. 5.900 |

**Færa niður hlutafé í PCC**
Fimm íslenskir lífeyrissjóðir hafa lækkað virði hlutabréfa sinna í kísilverinu á Bakka við Húsavík um meira en 75 prósent.
2

**Stuðlað að minni veltu**
Minni umsvif viðskiptavakta bankanna sæta gagnrýni. Munur á kaup- og sölutilboðum hefur numið allt að sex til átta prósentum.
4

**Vilja tvöfalda umsvif Korta**
Rapyd ætlar ráðast í verulega fjárfestingu á íslenska markaðinum og líklega tvöfalda starfsmannafjölda Korta.
6

**Getur verið án tekna um tíma**
Langflestar alþjóðlegar ráðstefnur sem hætt hefur verið við í Hörpu vegna kórónaverufaraldursins hafa færst yfir á næsta ár.
10

**Samkeppni í kreppum**
„Í kreppum kemur iðulega upp sú umræða að vernda þurfi innlenda atvinnustarfsemi til að halda fyrirtækjum í rekstri og fólki í vinnu,“ segir aðalhagfræðingur SKE.
14



**Fjöldi íslenskra fyrirtækja er í fjárhagslegri gjörgæslu um þessar mundir.**

# Sjálfvirkni tryggi hlutleysi við björgun

**Brynja Baldursdóttir**, framkvæmdastjóri Creditinfo, segir að á næstu dögum og vikum þurfi að meta nokkur þúsund fyrirtæki sem standa höllum fæti. Ákveða þarf hvort og hvaða úrræði eigi að standa þeim til boða á tímum kórónaveirunnar. Lykilatriði sé að ákvörðunin sé hlutlaus, byggð á gögnum en ekki huglægu mati. »8-9

ROLEX
TUDOR
TAG Heuer
LONGINES
NOMOS GLASHÜTTE
TISSOT




Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN
1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

# Gætu orðið árlega af 1.440 milljónum í leigutekjur

Fasteignafélögin gætu tapað árlegum leigutekjum upp á samtals 1.440 milljónir króna til frambúðar vegna efnahagslegra áhrifa kórónafaraldursins. Þetta kemur fram í greiningu hagfræðideildar Landsbankans sem lagði mat á hvað 25-30 prósenta lækkun félaganna á tímabilinu 17. janúar til 8. apríl, þýddi í væntingum til nýtingarhlutfalls og markaðsleigu næstu árin.

Samkvæmt greiningunni, sem var birt í lok síðustu viku og Markaðurinn hefur undir höndum, myndi nýtingarhlutfall lækka um 5-8 prósent á næstu tveimur árum og ná jafnvægi eftir þrjú ár. Nýting hjá Regin myndi lækka um fimm prósent en átta prósent hjá Reitum og Eik. Markaðsleiga myndi lækka að raunvirði um 6-7 prósent hjá Reitum og Eik en eingöngu tvö prósent hjá Regin.

Í tilfelli Reita þýðir þetta að 770 milljóna króna leigutekjur, og þar með EBITDA, séu horfnar til frambúðar árið 2023. Í tilfelli Eikar eru það 470 milljónir en eingöngu 200 milljónir hjá Regin. „Þetta er fyrir utan tímabundna lækkun EBITDA á árunum 2020-2022," segir í greiningunni.

Í umfjöllun Markaðarins í síðustu viku kom fram að fasteignafélögin hefðu styrkt lausafjárstöðu sína um meira en 13 milljarða króna miðað við stöðuna í byrjun árs og fyrri áætlanir um arðgreiðslur og endurkaup.




Stjórnendur félaganna sögðust ekki hafa áhyggjur af því að skilmálar lánasamninga yrðu brotnir.

Greinendur Landsbankans segja erfitt að meta hvort skilmálar í lánasamningum félaganna geti brotnað þar sem fasteignir félaganna eru metnar á gangvirði og þar með út frá forsendum stjórnenda. Þeir benda hins vegar á að ef lækkun á markaðsvirði félaganna á milli 17. janúar og 14. apríl yrði færð sem lækkun á bókfærðu virði fasteigna myndi eiginfjárhlutfallið ná niður í 25 prósent og lánaþekjan vera mjög nærri 70 prósentum. Það eru fjárhagslegu viðmiðin í lánasamningunum.

Þá er bent á að virði fermetra Regins sé hærra en hinna félaganna. „Markaðurinn metur virði Regins einnig hærra enda heildarvirði á fermetra 12-13 prósentum hærra hjá Regin en hinum fasteignafélögunum. Ástæðan liggur í töluvert hærri væntingum um leiguverð á fermetra í framtíðinni," segir í greiningunni. Heilvirði á fermetra er 307 þúsund krónur hjá Regin samanborið við um 270 þúsund krónur hjá hinum félögunum.

Skuldir á fermetra eru einnig hæstar hjá Regin. Þær eru 220 þúsund krónur samanborið við um 195 þúsund hjá Reitum og Eik. Vegnir meðalvextir óverðtryggðra skulda eru hæstir hjá Regin ásamt því að afborgunarferill lána er framþyngri en hjá hinum félögunum. Þá er Reginn með hæst hlutfall bankalána. **– þfh**

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG Torg.,** Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5051**

Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**

Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is






Árleg framleiðsla kísilvers PCC á Bakka við Húsavík átti að nema um 32 þúsund tonnum.

# Færa niður hlutafé í PCC um tvo milljarða

**Lífeyrissjóðir, ásamt Íslandsbanka, lækka virði hlutafjár síns í kísilverinu um allt að 100 prósent. Óvissa um starfsemina og erfiðar aðstæður á mörkuðum. Frjálsi færði niður verðmat sitt á breytanlegu skuldabréfi um 400 milljónir.**

Fimm íslenskir lífeyrissjóðir, sem fara með meirihluta hlutafjár í Bakkastakka, félagi sem heldur utan um milljarða króna fjárfestingu þeirra í kísilverinu PCC á Bakka við Húsavík, hafa lækkað mat sitt á virði hlutafjár sjóðanna í kísilverinu um á bilinu 75 til 100 prósent. Þá hefur Íslandsbanki, næststærsti hluthafi Bakkastakks með rúmlega 18 prósenta hlut, sömuleiðis fært eign sína „töluvert niður" en í svari til Markaðarins segist bankinn ekki vilja gefa upp um hversu mikið.

Samtals hafa lífeyrissjóðirnir, ásamt Íslandsbanka, fært niður hlutafé sitt í PCC um liðlega tvo milljarða en þeir lögðu Bakkastakka upphaflega til nærri 2,5 milljarða í hlutafé 2015. Við það eignaðist félagið 13,5 prósenta hlut en þýska fyrirtækið PCC SE fer með 86,5 prósenta hlut í kísilverinu.

Varúðarniðurfærslur sjóðanna – Gildi, Stapi, Birta, Frjálsi og Almenni – koma til vegna mikillar óvissu um starfsemi kísilversins, að minnsta kosti til skemmri tíma. Tafir og erfiðar aðstæður á hrávörumörkuðum hafa einkennt starfsemina frá því að verksmiðjan var formlega gangsett í maí 2018. Í lok mars náðist samkomulag við lánveitendur og hluthafa um fjárhagslega endurskipulagningu í því skyni að bæta bágborna lausafjárstöðu PCC. Veittur var frestur á greiðslu vaxta og afborgana og þá setti PCC SE um 40 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði 5,8 milljarða króna,

**82**

**milljónir dala var upphafleg fjárfesting lífeyrissjóðanna og Íslandsbanka í PCC.**

í reksturinn í formi hluthafaláns.

Lífeyrissjóðurinn Gildi, stærsti hluthafi Bakkastakks með 19,4 prósenta hlut, metur eignarhlut sinn í kísilverinu í árslok 2019 á 56 milljónir króna, að því er fram kemur í nýbirtum ársreikningi. Hefur virði eignarhlutarins þannig verið fært niður um nærri 500 milljónir miðað við kostnaðarverð hans, eða um liðlega 90 prósent. Þá hefur Stapi lífeyrissjóður lækkað virði hlutafjár síns um 85 prósent og er 15 prósenta hlutur sjóðsins í Bakkastakk nú metinn á 58 milljónir. Sama á við um Almenna lífeyrissjóðinn, sem er sjötti stærsti hluthafi Bakkastakks með um fimm prósenta hlut, en sjóðurinn hefur fært niður verðmæti hlutarins um 75 prósent, samkvæmt ársreikningi síðasta árs.

Birta lífeyrissjóður hefur hins vegar ákveðið að færa hlutafé sitt niður um 100 prósent, að því er fram kemur í skriflegu svari til Markaðarins. Hlutur Birtu í Bakkastakka nemur um ellefu prósentum og var hann áður metinn á um 300 milljónir króna. Þá hefur Frjálsi lífeyrissjóðurinn, sem er fimmti stærsti fjárfestirinn í félaginu, sem heldur utan um eignarhlut sjóðanna og Íslandsbanka í kísilverinu á Bakka, lækkað verðmat sitt á virði hlutafjárins í Bakkastakka um 99 prósent, að því er segir í svari sjóðsins til Markaðarins.

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu, segir að ákvörðun um að færa hlutafé sjóðsins alveg niður í núll hafi komið til vegna þess að rekstur kísilversins sé háður það mikilli óvissu til skemmri tíma. Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins, tekur í sama streng í samtali við Markaðinn. „Okkur þótti ekki annað verjandi en að vera með varúðarniðurfærslu í ljósi óvissunnar," útskýrir hann, en segir að sjóðurinn líti samt enn á verkefnið sem „ágætis fjárfestingu".

Auk þess að leggja kísilverinu PCC til hlutafé á sínum tíma þá fjárfestu íslensku lífeyrissjóðirnir og Íslandsbanki sömuleiðis í víkjandi breytanlegu skuldabréfi að fjárhæð 62,5 milljónir dala, jafnvirði níu milljarða króna á núverandi gengi. Samkvæmt svari Frjálsa þá var ákveðið að færa niður virði skuldabréfsins um 46 prósent í árslok 2019 – það var áður metið á um 912 milljónir í bókum sjóðsins – en aðrir lífeyrissjóður hafa flestir hverjir, meðal annars Birta og Almenni, ekki fært niður verðmat sitt á skuldabréfinu. Hins vegar eru sjóðirnir ekki að meta inn vaxtagreiðslur af bréfinu, sem ber árlega 8,5 prósent vexti, en sem fyrr segir náðist samkomulag um að veita kísilverinu frest á þeim greiðslum.

**hordur@frettabladid.is**

# Framleiðslan minnkaði um 13 prósent

Álver Rio Tinto í Straumsvík framleiddi 45 þúsund tonn af áli á fyrstu þremur mánuðum ársins, samkvæmt framleiðslutölum sem námu- og álrisinn birti í liðinni viku, og dróst framleiðslan saman um tæp 13,5 prósent frá sama tíma í fyrra.

Er framleiðsluminnkunin í samræmi við þá ákvörðun stjórnenda Rio Tinto að draga úr framleiðslu ársins í 85 prósent af afkastagetu álversins.

Miðað við framleiðslu álversins á fyrsta fjórðungi ársins má ætla að það muni skila um 180 þúsund tonnum af áli á árinu. Til saman-

**184**

**þúsund tonn af áli var framleiðsla álversins í Straumsvík í fyrra.**

burðar var framleiðslan 212 þúsund tonn árið 2018 og 184 þúsund tonn í fyrra en eins og kunnugt er þurfti á síðasta ári að slökkva á einum af þremur kerskálum álversins eftir að ljósbogi myndaðist þar.

Rio Tinto vinnur um þessar mundir að endurskoðun á starfsemi álversins í Straumsvík í því augnamiði að meta rekstrarhæfi þess og leita leiða til þess að bæta samkeppnisstöðu þess eftir taprekstur síðustu ára. Félagið hefur sagt að allar leiðir verði skoðaðar og þar á meðal frekari framleiðsluminnkun og mögulega lokun álversins. Er gert ráð fyrir að vinnunni ljúki á fyrri helmingi ársins.

Landsvirkjun hefur sagt að hún verði af um tuttugu milljón dala tekjum vegna samdráttarins í framleiðslu álvers Rio Tinto en álverið er annar stærsti kaupandi raforku af orkufyrirtækinu. **– kij**

# BRÁÐUM KEMUR BETRI TÍÐ

**SJÁUM UM VIÐHALD FASTEIGNA FYRIR HÚSFÉLÖG, EINSTAKLINGA OG STOFNANIR**

HÁÞRÝSTIÞVOTTUR

MÚRVIÐGERÐIR

FLÍSALÖGN

MÁLUN

HELLULAGNIR

HJÓL ATVINNULÍFSINS



Hjól atvinnulífsins ehf. – Alhliða verktaka
Borgartúni 3
105 Reykjavík
Símar: 8446829 / 6624514
Netfang: hjolatvinnulifsins@gmail.com

kjörvari STEINVARI

# Stuðlað að minni veltu og seljanleika

**Minni umsvif viðskiptavakta bankanna skýra að hluta minni seljanleika á hlutabréfamarkaði. Brotthvarf erlendra sjóða og skuldsettra fjárfesta bætir ekki úr skák. Munur á kaup- og sölutilboðum hefur numið allt að sex til átta prósentum en fer þó minnkandi.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Verulega hefur dregið úr veltu á hlutabréfamarkaði á allra síðustu vikum og þrátt fyrir að hafa farið minnkandi nemur munur á kaup- og sölutilboðum í hlutabréf margra skráðra félaga enn nokkrum prósentum í sumum tilfellum. Minni umsvif af hálfu bankanna sem viðskiptavaka skýra að hluta minni veltu og seljanleika á markaðinum að mati nokkurra viðmælenda Markaðarins á fjármálamarkaði og innan skráðra félaga.

„Vakarnir voru fljótir að hverfa þegar á reyndi,“ segir stjórnandi hjá skráðu félagi í samtali við blaðið.

„Einhvern tímann þurfa þeir að fá aftur kjarkinn til þess að sinna þessari þjónustu,“ bætir annar stjórnandi við.

Brotthvarf erlendra og skuldsettra fjárfesta af markaðinum er auk þess ekki sagt hafa bætt úr skák.

Umfang viðskiptavakta bankanna, sem gegna því hlutverki að stuðla að góðri verðmyndun og seljanleika á markaði með því að leggja á hverjum tíma fram kaup- og sölutilboð í hlutabréf skráðra félaga, hafði þegar minnkað áður en hlutabréfamarkaðurinn tók dýfu vegna kórónaveirunnar í seinni hluta febrúar.

Í kjölfar þess að vakarnir nýttu sér um miðjan síðasta mánuð heimild til þess að víkja frá skilyrðum samninga sinna við skráð félög um verðbil og fjárhæðir – vegna óviðráðanlegra aðstæðna – hafa þeir lítið beitt sér á markaði að sögn þeirra sem þekkja til stöðu mála.

„Það er óheppilegt að viðskiptavaktir bankanna hafi minnkað verulega og verðbilið þannig aukist í aðdraganda áfallsins. Það leiðir til þess að verðsveiflur verða meiri og öfgakenndari en annars,“ segir Eggert Þór Aðalsteinsson, sérfræðingur í eignastýringu Kviku.

Hann nefnir einnig að kvikir og skuldsettir fjárfestar og erlendir fjárfestingarsjóðir hafi jafnframt minnkað umsvif sín á hlutabréfamarkaðinum á meðan lífeyrissjóðir, sem séu langtímafjárfestar og hreyfi sig í eðli sínu minna, hafi aukið við sinn hlut. Það geti til viðbótar haft áhrif á seljanleika á markaðinum.

Til marks um hve lítill seljanleiki hefur verið á hlutabréfamarkaðinum á undanförnum vikum hefur munurinn á kaup- og sölutilboðum í hlutabréf sumra félaga verið á milli sex og átta prósent í einhverjum tilfellum. Munurinn hefur þó almennt farið minnkandi að undanförnu.

Til samanburðar er í mörgum samningum um viðskiptavakt í skráðum félögum gert ráð fyrir að hámarksmunur á kaup- og sölutilboðum viðskiptavaka sé undir venjulegum kringumstæðum 1,5 prósent.

Ekki liggur fyrir hvenær viðskiptavakarnir munu meta aðstæður svo að þeir geti hafið á nýjan leik eðlilega viðskiptavakt með hlutabréf. Á meðan sumir viðmælendur Markaðarins benda á að eftir verðhækkanir síðustu vikna sé hlutabréfamarkaðurinn í betra jafnvægi en þegar vakarnir viku frá skilyrðum samninga sinna um miðjan mars, nefna aðrir að enn vofi mikil óvissa yfir markaðinum með tilheyrandi verðsveiflum frá degi til dags.

Einn stjórnandi hjá skráðu félagi nefnir að félögin geti lítið gert. Ef þau færu að þrýsta á viðskiptavakana að hefja aftur viðskiptavakt - í ljósi þess að aðstæður frá því í mars hafi breyst - eigi þau á hættu að vakarnir segi hreinlega upp samningum við þau.

Eins og áður sagði endursömdu mörg félög á fyrstu mánuðum ársins við bankana um að draga úr umfangi viðskiptavakta eftir að bankarnir hækkuðu verð sitt á umræddri þjónustu. Í einhverjum tilfellum var viðskiptavökum fækkað og vaktirnar minnkaðar.



Hlutabréfamarkaðurinn hefur hækkað um nærri átján prósent frá því að hann náði botninum í seinni hluta mars. Gengi bréfa í sumum félögum hefur á þeim tíma rokið upp um hátt í þrjátíu prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Vikuleg velta á hlutabréfamarkaði það sem af er ári




### Staðan orðin heilbrigðari

Valdimar Ármann, í markaðsviðskiptum Arctica Finance, nefnir að staða hlutabréfamarkaðarins sé orðin heilbrigðari en í lækkunarhrinunni í febrúar og mars.

„Markaðurinn hefur náð meira jafnvægi að því leyti að hreyfingarnar á honum eru ekki eins öfgakenndar frá degi til dags og við sáum í síðasta mánuði. Fjárfestum gefst nú meira tóm til þess að greina stöðu fyrirtækja og leggja mat á hvernig þau munu standa að óvissutímabilinu loknu,“ segir hann.

Í hremmingum hlutabréfamarkaðarins í febrúar og mars hafi verðmyndun félaga ekki endurspeglað í öllum tilfellum sýn fjárfesta á rekstur þeirra. Veðköll og innlausnir, auk fleiri þátta, hafi haft sitt að segja. Það hafi sýnt sig í miklum verðsveiflum á milli daga.

> **Það er óheppilegt að viðskiptavaktir bankanna hafi minnkað verulega og verðbilið þannig aukist í aðdraganda áfallsins.**
>
> Eggert Þór Aðalsteinsson, sérfræðingur í eignastýringu Kviku



Nú sé spurningin hins vegar sú hvort það verði nægilegt flæði á markaðinum til þess að viðhalda skilvirkri verðmyndun. Í því sambandi bendir hann á að veltan á hlutabréfamarkaði síðustu tvær vikur hafi verið í kringum níu milljarðar króna hvora viku, en áður hafi vikuleg velta verið á bilinu 12 til 68 milljarðar króna það sem af var ári.

Eggert Þór segir mikinn viðsnúning hafa verið á mörkuðum um allan heim frá því að þeir náðu botni í seinni hluta síðasta mánaðar. Íslenski markaðurinn sé þar ekki undanskilinn en sum félög hafi hækkað um meira en tuttugu prósent frá lægstu gildum.

„Á meðan rekja má viðsnúninginn á erlendum mörkuðum að stórum hluta til innspýtingaraðgerða af hálfu seðlabanka og stjórnvalda,“ útskýrir hann, „höfðu hérlendir lífeyrissjóðir, sem komu mjög sterkir inn á hlutabréfamarkaðinn í mars, mikil áhrif til hækkunar hér. Þeir hafa að miklu leyti tekið við flæðinu frá erlendum sjóðum og gíruðum fjárfestum.

Í raun má segja að sjóðirnir séu aftur komnir í eins konar höft, enda hafa þeir úr færri fjárfestingarkostum að velja um þessar mundir. Það er því ekki óeðlilegt að þeir beini sjónum sínum í auknum mæli að innlenda hlutabréfamarkaðinum. Og áhrifin verða auðvitað mikil þegar stórir fjárfestar fara að hreyfa sig á markaði sem samanstendur af fáum fyrirtækjum.

Hættan er alltaf fyrir hendi að það geti myndast eignabóla þegar svona sterkir kraftar verka í aðeins aðra áttina,“ segir Eggert Þór.

Markaðurinn sé grunnur og því þurfi lítið til þess að hreyfa við honum.

A4

VIÐ ERUM TIL STAÐAR FYRIR ÞIG

Hjá fyrirtækjaþjónustu A4 starfa reynslumiklir söluráðgjafar sem veita faglega og persónulega ráðgjöf er varðar innkaup á rekstrar- og skrifstofuvörum. Gott samband við viðskiptavini er mikilvægasti hlekkurinn og á þessum tímum þegar söluráðgjafar fara ekki í heimsóknir er tilefni til þess að minna á nýju vefverslunina, A4.is.

- Hafðu samband við okkur til að tryggja að ykkur vanti aldrei skrifstofuvörur.
- Þú getur pantað á A4.is eða haft samband við söluráðgjafa í síma 580 0000 / panta@a4.is.
- Við sjáum um að afgreiða og koma með vörurnar til þín, þú sparar bæði tíma og fyrirhöfn.

2018–2019 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

2018 2019 Framúrskarandi fyrirtæki

A4 er aðili að eftirfarandi samningum

- Samningur við Reykjavíkurborg um skrifstofuvörur og prenthylki.
- Samningur við Ríkiskaup um skrifstofuvörur og prenthylki.




LG Business Solutions
Slepptu ímyndunaraflinu lausu með hágæða LG OLED upplýsingaskjám
LG býður upp á upplýsingaskjái í hæsta gæðaflokki sem koma fyrirtækinu þínu á næsta stig.
Djúpur svartur og fullkomnir litir, skýr mynd frá öllum sjónarhornum, örþunnur og rammalaus skjár sem má raða, beygja og stilla upp á ótal vegu. LG OLED upplýsingaskjáir eru tilvaldir til að fanga athygli og vekja aðdáun viðskiptavina. Framtíðin í upplýsingaskjám er komin. Hafðu samband og kynntu þér málið.
Concave
Convex
Wave
Circular
Tunnel
LG OLED
SuperSign
1080p FULL HD
TÖLVU LISTINN
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA
NÁNARI UPPLÝSINGAR HJÁ SÖLUFULLTRÚUM FYRIRTÆKJASVIÐS
SÍMI 414 1710 OG Á NETFANGIÐ SALA@TL.IS

# Vilja tvöfalda umsvif Korta á Íslandi

**Rapyd, sem hefur undirritað samning um kaup á Korta, áformar að tvöfalda umsvif Korta á Íslandi. Vilja byggja Korta upp sem miðstöð vöruþróunar. Með kaupunum á Korta fær Rapyd starfsleyfi sem færsluhirðir. Metið á meira en 146 milljarða króna.**

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Breska fjártæknifyrirtækið Rapyd, sem hefur undirritað samning um kaup á Korta, áformar að fjárfesta verulegum fjárhæðum í uppbyggingu á starfsemi íslenska færsluhirðingarfyrirtækisins. Fjárfestingin miðar að því að tvöfalda markaðshlutdeild Korta á næstu þremur árum og að byggja upp miðstöð vöruþróunar Rapyd í Evrópu.

„Eitt af því fyrsta sem við hyggjumst gera er að ráðast í verulega fjárfestingu á íslenska markaðinum og við munum líklega tvöfalda starfsmannafjölda Korta,“ segir Arik Shtilman, forstjóri Rapyd, í samtali við Markaðinn, en í dag starfa um 40 manns hjá Korta.

Tilkynnt var um undirritun kaupsamningsins, sem er háður samþykki fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, í lok síðustu viku. Kaupverðið greiðist með reiðufé og tekur hluti þess mið af rekstri Korta á þessu ári. Því liggur ekki fyrir hvert endanlegt kaupverð verður fyrr en í upphafi næsta árs.

Samkvæmt heimildum Markaðarins var ráðgjafi Korta Aðalsteinn Jóhannsson, hluthafi í Korta og meðeigandi í fjárfestingarbankanum Bryan, Garnier & Co.

**Leituðu að kauptækifærum**

Rapyd kom inn á greiðslumiðlunarmarkaðinn árið 2016 með tæknilausn sem gerir fyrirtækinu kleift að bjóða viðskiptavinum upp á 900 ólíkar greiðsluleiðir. Breska félagið er meðlimur að VISA Europe og MasterCard en er hins vegar ekki með starfsleyfi sem færsluhirðir. Með kaupunum á Korta fær félagið slíkt leyfi.

„Framan af hefur fókusinn verið á að bjóða upp á lausnir sem krefjast ekki greiðslukorta eða posa. Viðskiptavinir okkar hafa hins vegar óskað eftir því að boðið verði upp á lausnir fyrir greiðslukort og posa, og þess vegna byrjuðum við að leita að fyrirtækjum á því sviði,“ segir Arik.

„Við vorum að skoða ýmis tækifæri í Evrópu og Asíu, og okkur datt ekki í hug að við gætum fundið það sem við erum að leita að á Íslandi. Síðan rákumst við á Korta og okkur þótti mikið til fyrirtækisins koma,“ bætir hann við. „Við vorum sérstaklega hrifin af stjórnendateyminu sem er algjört lykilatriði í yfirtökum sem þessum. Auk þess er reksturinn stöðugur, vöruframboðið er ríkt og það er góð blanda milli netlausna og posalausna.“

**Koma með nýjungar**

Rapyd gekk frá 100 milljóna króna hlutafjáraukningu í október 2019 þar sem fyrirtækið var verðmetið á meira en milljarð Bandaríkjadala, jafnvirði 146 milljarða króna. Á meðal hluthafa er fjártæknirisinn Stripe, sem er sjálfur metinn á 35 milljarða dali, Oak HC/FT, Tiger Global Management, General Catalyst og Target Global.

Rapyd rekur nú fjórar stórar skrifstofur. Vöruþróunin er í höfuðstöðvunum í Tel-Aviv en sölustarfið í Singapúr, San fransisco og London.

„Hugmyndin er að ráða sérhæft starfsfólk þannig að Korta verði miðstöð vöruþróunar Rapyd í Evrópu. Við ætlum einnig að fjárfesta í sölu- og markaðssetningu á íslenska markaðinum vegna þess að markmiðið er að tvöfalda innlenda markaðshlutdeild á næstu þremur árum,“ segir Arik. Aðspurður segir hann að viðskiptavinir Korta muni njóta góðs af vöruframboði Rapyd.

„Með okkar tækni geta posar til dæmis tekið við greiðslum frá reikningum á Alipay og WeChat sem eru helstu greiðslulausnir Kínverja. Það er mikil eftirspurn eftir því að posar geti unnið úr ólíkum tegundum af greiðslum. Auk þess munum við bjóða upp á nýjungar í fjármögnun í kortaviðskiptum (e. point-of-sale financing),“ segir Arik.

Takmarkanir á ferðalögum vegna kórónafaraldursins knúðu forsvarsmenn fyrirtækjanna til að klára viðræðurnar með fjarfundabúnaðinum Zoom.

„Viðræðurnar hófust í janúar og þegar stjórnvöld um allan heim byrjuðu að takmarka ferðalög milli landa vöknuðu spurningar um hvort hægt væri að klára kaupin með fjarfundum. Traustvekjandi stjórnendateymi Korta og góð samskipti okkar á milli sannfærði okkur um að þetta væri hægt,“ segir Arik.

**Fleiri sýndu áhuga**

Jakob Már Ásmundsson, forstjóri Korta, segir að forsvarsmenn Rapyd hafi haft samband fljótlega eftir áramót. „Við höfðum ekki verið í formlegu söluferli en alls konar fyrirtæki hafa sýnt Korta áhuga á undanförnum misserum. Viðræðurnar tóku þannig ekki mjög langan tíma þótt þær hafi ekki verið auðveldar,“ segir Jakob.

Spurður hvort að salan hafi verið í hættu vegna efnahagslegra áhrifa kórónafaraldursins segist Jakob ekki telja að svo hafi verið.

„Við þurftum augljóslega að taka tillit til þess í viðskiptunum að það ríkir mikil óvissa í efnahagslífinu og það er tekið á því í samningunum,“ segir Jakob, en hluti kaupverðsins tekur mið af rekstri Korta á þessu ári. Aðspurður segir Jakob að afkoman í fyrra hafi verið í samræmi við áætlanir. „Árið gekk vel og grunnreksturinn skilaði hagnaði.“

**Dýrmæt störf sköpuð**

Þá segir Jakob aðspurður að ekki verði breytingar á stjórnendateymi Korta við nýtt eignarhald og að hann verði áfram forstjóri félagsins. Hann segir fyrirhugaða fjárfestingu Rapyd í starfsemi Korta afar jákvæða.

„Þetta eru dýrmæt störf, sem hægt er að gera í reynd hvar sem er í heiminum, og því er afar jákvætt að við getum við með slíka starfsemi á Íslandi,“ segir Jakob.

Sem kunnugt er keypti Kvika banki og hópur einkafjárfesta Korta á eina krónu í lok árs 2017 og lögðu félaginu um leið til nærri 1.500 milljónir króna í nýtt hlutafé. Kortafyrirtækið stóð frammi fyrir alvarlegum lausafjárvanda í kjölfar greiðslustöðvunar Monarch Airlines.

Hlutafé Korta var aukið um 1.055 milljónir í lok árs 2018 en þar af greiddi Kvika banki tæplega 664 milljónir króna með því að breyta kröfum sínum í hlutafé. Jakob Már kom þá inn í hluthafahópinn en hann lagði kortafyrirtækinu sjálfur til um 80 milljónir króna.

Kvika var fyrir söluna stærsti einstaki hluthafi Korta með ríflega fjörutíu prósenta hlut. Í tilkynningu Kviku vegna sölunnar er tekið fram að núverandi mat bankans á kaupverði fyrir hlutnum í Korta sé að það verði í samræmi við bókfært virði hlutarins um síðastliðin áramót. Því hafi salan ekki áhrif á afkomu bankans á þessu rekstrarári.

Aðrir stórir hluthafar eru meðal annars Bull Hill Capital, sem er að mestu í eigu Aðalsteins Jóhannssonar, fjárfestingafélagið Óskabein, félög á vegum Sigurðar Bollasonar fjárfestis og Sigurður Valtýsson, fjárfestir og fyrrverandi forstjóri Exista.



Jakob Már Ásmundsson verður áfram forstjóri Korta. Hann hóf störf hjá félaginu í lok árs 2018. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Kaupverðið sagt hlaupa á tugum milljóna dala

Tæknifréttavefurinn CTech fjallaði um kaup Rapyd á Korta en heimildarmenn fjölmiðilsins sögðu kaupverðið hlaupa á nokkrum tugum milljóna dala.

Arik Shtilman sagði við CTech í kjölfar undirritunar kaupsamningsins að efnahagsleg áhrif kórónafaraldursins hefðu greitt götuna fyrir yfirtöku.

„Við leituðum til fjárfestingabanka og spurðum hvaða fyrirtæki væru í lausafjárvandræðum,“ sagði Arik „Mörg fyrirtæki sem áttu til dæmis mikið undir ferðaþjónustu fengu stórt högg.“

Arik sagði að þetta væri ekki eina yfirtakan sem Rapyd mun ganga frá á tímum kórónaveirunnar. Þá væri vel í stakk búið fyrir niðursveiflu í heimshagkerfinu eftir síðustu hlutafjáraukningu. „Fyrirtæki sem eru með minna en 50 milljónir dala í hirslum sínum munu eiga erfitt uppdrátt, sérstaklega í fjártækni.“

> **Hugmyndin er að ráða sérhæft starfsfólk þannig að Korta verði miðstöð vöruþróunar Rapyd í Evrópu.**
>
> Arik Shtilman, forstjóri Rapyd



**146**

**milljarðar dala er markaðsvirði Rapyd miðað við síðustu hlutafjáraukningu fjártæknifélagsins.**

# 66°Norður mætir óskuldsett í kreppu

**Fataframleiðandinn tapaði 219 milljónum króna í fyrra. Tekjur voru lægri en gert var ráð fyrir og kostnaður hærri. Launakostnaður jókst um tólf prósent í fyrra. Hann hefur aukist um 49 prósent frá árinu 2016. Erlendis fæst aðstoð við að greiða fastan kostnað.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Fataframleiðandinn 66°Norður tapaði 219 milljónum króna í fyrra. Árið áður nam tapið 445 milljónum króna. Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) var neikvæð um 13 milljónir árið 2019 en áður var um að ræða 100 milljón króna hagnað á þeim mælikvarða.

Tekjurnar jukust um þrjú prósent á milli ára og námu 4,6 milljörðum króna. Fram kemur í tilkynningu að rekstrarkostnaður hafi hækkað um 3,6 prósent á árinu og launakostnaður vegi þungt sem hækkaði um 11,5 prósent í fyrra.

„Reksturinn stendur traustum fótum,“ segir Helgi Rúnar Óskarsson, forstjóri fyrirtækisins. „Félagið er ekki skuldsett en afkoma stóðst ekki væntingar. Tekjur voru lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir og kostnaður hærri, sérstaklega launakostnaður sem hækkaði umtalsvert og hefur aukist frá 2016 um 49 prósent.

Við fundum einnig fyrir samdrætti í sölutekjum í kjölfar falls flugfélagsins WOW air en þær minnkuðu verulega á öðrum ársfjórðungi vegna þessa. Það vegur hins vegar upp á móti að tryggð



**Hjónin Helgi Rúnar Óskarsson forstjóri og Bjarney Harðardóttir markaðsstjóri eiga rúmlega helming í 66°Norður og annast reksturinn.**

> **Við erum að nýta þau úrræði sem stjórnvöld hafa boðið upp á eins og hlutastarfaleiðina**
>
> Helgi Rúnar Óskarsson, forstjóri 66°Norður.

Íslendinga við vörumerki 66°Norður skilaði sér í mjög góðri sölu á fjórða ársfjórðungi ásamt því að mikil aukning varð í veltu félagsins í gegnum vefsíðu félagsins.“

Helgi Rúnar segir í samtali við Markaðinn að áhrifin af falli flugfélagsins á rekstur 66°Norður hafi verið tvíþætt. Annars vegar hafi ferðamönnunum fækkað og hins vegar hafi fólk sem búi hér misst vinnuna. „Það á ekki einungis við um starfsmenn WOW air heldur fjölda afleiddra starfa. Við það minnkaði kaupgeta þeirra sem misstu vinnuna og það hefur áhrif á verslunina.“

Hann segir erfitt að svara því hvernig reksturinn muni ganga á árinu vegna kórónaveirunnar. „Við erum að nýta þau úrræði sem stjórnvöld hafa boðið upp á eins og hlutastarfaleiðina,“ segir hann. Fyrirtækið reki tíu verslanir hérlendis og þremur hafi verið lokað tímabundið. „Þær afla ekki tekna,“ segir hann og nefnir að engin rekstur geti staðið undir því til lengri tíma að greiða 25 prósenta launakostnað og húsaleigu að fullu án tekna.

„Við erum með starfsemi í öðrum löndum og þar hefur fyrirtækjum verið hjálpað að takast á við fastan kostnað eins og til dæmis húsaleigu,“ segir Helgi Rúnar.

Hjá 66°Norður starfa um 400 manns í fjórum löndum. Fyrirtækið rekur auk tíu verslana á Íslandi tvær í Kaupmannahöfn, saumastofu í Lettlandi og skrifstofu í Bretlandi.

Breyttir reikningsskilastaðlar setja mark sitt á ársreikninginn. Ársreikningurinn sýnir EBITDA-hagnað upp á ríflega 335 milljónir króna því horft er fram hjá leigugreiðslum með nýju aðferðinni. Að sama skapi lækkar eiginfjárhlutfallið úr 73 prósentum, samkvæmt eldri aðferðinni, í 45 prósent vegna annarrar nálgunar þar sem litið er á leigusamninga sem skuldbindingu. „Breytt framsetning hefur enga raunverulega þýðingu. Félagið er hvorki veikara né sterkara fyrir vikið,“ segir Helgi Rúnar.

Fjárfestingarsjóðurinn Mousse Partners, sem stýrt er af fjölskyldunni sem á tískuhúsið Chanel, festi kaup á tæplega helmingshlut í Sjóklæðagerðinni 66°Norður fyrir liðlega 30 milljónir evra, eða um fjóra milljarða íslenskra króna, sumarið 2018, eins og Markaðurinn sagði frá á þeim tíma.

VIÐ VINNUM
FYRIR ÞIG.
Traust | Þekking | Árangur
MAGNA
LÖGMENN
LOGMENN@MAGNA.IS | 571 5400 | MAGNA.IS



# Engan tíma má missa í baráttunni

**Mörg fyrirtæki eru í gjörgæslu vegna kórónaveirunnar. Þau hafa ekki tök á að bíða lengi eftir aðstoð. Sjálfvirkni er lykillinn að hlutleysi við björgunina.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Fjöldi íslenskra fyrirtækja er í fjárhagslegri gjörgæslu um þessar mundir. Bankar og hið opinbera þurfa að taka mikilvægar ákvarðanir fljótlega til að tryggja að við komumst í gegnum áskoranir næstu mánaða fljótt og vel, segir Brynja Baldursdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo.

Hún segir að það þurfi að innleiða stafrænar og sjálfvirkar lausnir til að meta raunverulega stöðu fyrirtækja og taka hraðar, markvissar og hlutlausar ákvarðanir í kjölfarið. „Það er afar brýnt að nota þau tæki og tól sem við höfum til að greina stöðu fyrirtækja til að stýra erfiðum björgunaraðgerðum."

Brynja bendir á að fyrirtækin séu undirstaða blómlegs samfélags og veiti fjölda fólks vinnu. „Markmiðið hlýtur að vera að halda sem flestum í vinnu, tryggja að hér séu styrkar stoðir og að viðspyrnan verði sem kröftugust þegar faraldrinum lýkur. Það er mikilvægt að nýta okkar sameiginlegu sjóði til að bjarga þeim fyrirtækjum sem eru lífvænleg og tryggja að líflínan til þeirra sé traust. En á sama tíma er ekki sanngjarnt að nota þessa sömu sjóði til að bjarga fyrirtækjum sem voru komin í alvarlegan vanda fyrir þessa krísu," segir hún.

## Þrettán prósent stóðu afar illa

Brynja segir að af tæplega 18 þúsund fyrirtækjum á Íslandi sem séu í daglegum rekstri hafi um þrettán prósent verið annað hvort á vanskilaskrá eða með mjög lélegt lánshæfismat í upphafi árs eða áður en áhrifa COVID fór að gæta.

„Til að aðgerðirnar virki sem best fyrir heildina þurfa lausnirnar að vera sérsniðnar að þörfum hvers og eins. Þetta er ekki ein stærð sem gildir fyrir alla. Nauðsyn sértækra lausna verður mikilvægari þegar fram í sækir, til dæmis vegna hruns í ákveðnum atvinnugreinum," segir hún.

*Með hvaða hætti getur sjálfvirkni komið að góðum notum við að taka ákvarðanir þegar verið er að bjarga fyrirtækjum á tímum kórónaveirunnar?*

„Á næstu dögum og vikum þarf að meta nokkur þúsund fyrirtæki til þess að ákvarða hvort og þá hvaða úrræði eigi að standa þeim til boða. Það er mjög mikilvægt að hér sé vandað vel til verka og unnið hratt. Fyrirtækin hafa ekki margar vikur til að bíða eftir svari. Þá er einnig lykilatriði að ákvörðunin sé hlutlaus, byggð á staðreyndum og gögnum en ekki huglægu mati.

Góðu fréttirnar eru að innviðirnir hérna eru góðir. Við erum frekar vel tæknivædd og aðgengi að gögnum er mun betra en gerist og gengur í mörgum öðrum löndum. Á síðustu árum hafa fjártæknifyrirtæki sprottið upp úti um allan heim og við höfum ekki farið varhluta af því. Mikil áhersla hefur verið lögð á að tæknivæða fjármálaþjónustu til einstaklinga, enda er massinn þar og mikill ávinningur. Auk þess er mun flóknara að meta fyrirtæki en einstaklinga í þessum tilgangi. Í dag er til dæmis hægt að sækja um húsnæðislán og fá fullt greiðslumat á nokkrum mínútum, ferli sem tók margar vikur og kostaði mikla vinnu við gagnaöflun fyrir bara nokkrum árum.

Sjálfvirknivæðing ferla og sjálfsafgreiðsla í þjónustu til fyrirtækja er næst og með öllum þeim ákvörðunum sem þarf að taka þessa dagana þarf að stíga stór skref í þeim efnum á skömmum tíma. Við höfum hreinlega ekki efni á að taka langan tíma í þetta núna. Úrræðin þurfa að koma strax."

## Dagar en ekki vikur

*Hve hratt væri hægt að sjálfvirknivæða þá ferla? Hver er munurinn á að sjálfvirknivæða lán til einstaklinga og fyrirtækja?*

„Grunnvirknin er til og þekkingin líka. Við erum því að tala um nokkra daga frekar en margar vikur. Flækjustigið liggur í því að það eru svo margar breytur sem koma að ákvörðun um lífvænleika og greiðslugetu fyrirtækja, miklu fleiri en þegar verið er að meta einstakling. Stærstu fyrirtækin munu alltaf þurfa handvirkt mat þar sem flækjustigið er svo mikið og stórar upphæðir í spilinu. En það er til mikið af upplýsingum um lítil og meðalstór fyrirtæki sem hægt er að byggja sjálfvirkar ákvarðanatökur á. Þetta eru til dæmis ársreikningar, lánshæfismat, vanskilasaga, tekjur og viðskiptasaga.

Með réttri notkun á þeim upplýsingum er hægt að leggja mjög áreiðanlegt, sjálfvirkt mat á stóran hluta fyrirtækjanna og afgreiða úrræði til þeirra. Þannig er hægt að flýta fyrir afgreiðslu til stórs hluta fyrirtækja, mál sem þurfa nánari yfirlegu geta þá farið í handvirkt ferli sem tekur lengri tíma. Þetta er vel þekkt ferli úr einstaklingsþjónustu sem virkar jafn vel fyrir fyrirtæki."

*Hver er munurinn á aðstæðum á Íslandi til að sjálfvirknivæða ferla fyrir lán miðað við önnur Vesturlönd?*

„Vesturlönd eru almennt orðin vel tæknivædd en Ísland er mjög vel í stakk búið til að vera í forystu. Við erum svo fá að það er allt talsvert einfaldara hér. Fjárhagslegar upplýsingar eru á fáum stöðum; við erum með Reiknistofu bankanna sem rekur grunnkerfið, við erum með eina vanskilaskrá og ársreikningar eru til á stafrænu formi mörg ár aftur í tímann. Hér eru einnig þrír stórir viðskiptabankar á meðan fjöldi banka hleypur á tugum eða hundruðum í flestum öðrum löndum. Það er lykilatriði að upplýsingar séu miðlægar og aðgengilegar. Þess vegna eigum við að geta brugðist hratt og rétt við, við verðum að vinna saman að lausnum og nýta það sem við höfum. Það á eftir að skipta sköpum."

## Vanskil ekki aukist að ráði

*Hagkerfið hafði kólnað hratt fyrir kórónaveiruna. Höfðu vanskil aukist á þeim tíma? Voru mörg fyrirtæki í ferðaþjónustu í vanskilum fyrir kórónaveiruna?*

„Vanskil virðast ekki hafa aukist að ráði síðustu misseri en vanskil í ferðaþjónustu eru hlutfallslega meiri en heildarinnar og fyrirtæki í ferðaþjónustu virðast vera lengur í vanskilum en áður. Hlutfallslega virðast þó ekki fleiri ferðaþjónustufyrirtæki lenda á vanskilaskrá en áður.

Það eru allar líkur á að vanskil muni aukast en erfitt er að spá fyrir um hve mikil aukningin verður og hvaða fyrirtæki eða atvinnugeirar verða verst úti.

Ýmsar ástæður gera allar spár erfiðar eins og til dæmis óvissa um hversu lengi ástandið varir og hversu yfirgripsmiklar efnahagsráðstafanir íslenskra stjórnvalda verða. Enn fremur fer niðurstaðan að miklu leyti eftir því hvernig aðrar þjóðir bregðast við og svo því hvort áhrifin eru varanleg eða hvort um frestunaraðgerðir neytenda er að ræða, hvort verið sé að fresta viðburðum, innkaupum og ferðalögum þar til veiran er gengin yfir eða hætta við."



„Með réttri notkun á þeim upplýsingum er hægt að leggja mjög áreiðanlegt, sjálfvirkt mat á stóran hluta fyrirtækjanna og a

**Vanskil virðast ekki hafa aukist að ráði síðustu misseri en vanskil í ferðaþjónustu eru hlutfallslega meiri en heildarinnar og fyrirtæki í ferðaþjónustu virðast vera lengur í vanskilum en áður.**

## Misskilningur ASÍ

*ASÍ og Neytendasamtökin kölluðu eftir því að þið hættuð að halda utan um vanskilaskrá vegna fjárhagserfiðleika hjá fólki sem rekja má til kórónaveirunnar. Hvernig horfir það við þér?*

„Ég tel að þessi krafa hafi verið á misskilningi byggð. Í fyrsta lagi þá berast beiðnir um skráningar til okkar frá kröfuhöfum, Creditinfo skráir engan á vanskilaskrá að eigin frumkvæði. Vanskilaskrá er nauðsynlegt tæki til áhættustýringar fyrir lánveitendur, líka þá sem eru að veita aðilum vörur og þjónustu út á reikning. Ef hún væri ekki til staðar þyrftu lánveitendur að vera með miklu strangari kröfur á lántaka, sem þýðir í rauninni að aðgangur að lánsfé myndi skerðast. Önnur sviðsmynd er að afskriftir myndu aukast mikið, sem myndi leiða til hærri vaxta eða lántökukostnaðar fyrir góða lántaka, sem langflestir eru. Annað mikilvægt hlutverk vanskilaskrár er líka að vernda lántakann, það er að hann skuldsetji sig ekki um of og lendi mögulega í enn meiri vandræðum.

Á tímum eins og þeim sem við lifum núna er þetta hlutverk enn mikilvægara. Vanskil koma ekki til okkar fyrr en í fyrsta lagi eftir 40 daga vanskil, 90 dagar er mjög algengt, svo það er enginn að detta inn á vanskilaskrá í dag vegna mála sem urðu til vegna COVID. Við verðum að athuga að það er einmitt sérlega mikilvægt að vel sé haldið utan um vanskil sem eru ekki til komin vegna COVID til þess að hægt sé að beina úrræðum til þeirra sem voru í góðum málum fyrir. Það má líka nefna að frystingar lána hafa ekki áhrif á lánshæfismat hjá okkur."

*Creditinfo starfar í 33 löndum. Geturðu nefnt dæmi um með hvaða ólíka hætti er verið að bregðast efnahagslega við kórónaveirunni? Hvernig erum við að bregðast við ástandinu samanborið við önnur ríki sem þið starfið í?*

„Það er áhugavert að sjá að það er mjög mismunandi hvaða björgunaraðgerðir er verið að setja í gang. Frystingar og styrkir eru auðvitað mjög algeng úrræði. Íslensk stjórnvöld hafa verið að kynna sín úrræði og þó að mörgum finnist ekki nóg gert þá er alveg augljóst að allir eru að vanda sig og það er mikill samhugur þvert á allar flokkslínur um að ríkið eigi að stíga inn í aðstæður fyrir bæði fyrirtæki og einstaklinga. Þetta er mikill styrkleiki að ekki sé verið að eyða tíma í pólitískt karp.

Creditinfo starfar meðal annars í Afríku og hafa til dæmis stjórnvöld í Kenía lokað á allar tegundir vanskilaskráninga nema frá bönkum. Þar er meirihluti þjóðarinnar ekki í bankakerfinu, ekki með nein lán eða innlánsreikninga. Fólk er hins vegar að taka alls konar lán og sum af miður ábyrgum aðilum og er aðgerðin til að stemma stigu við því. Þetta þýðir hins vegar að mikil



fgreiða úrræði til þeirra. Þannig er hægt að flýta fyrir afgreiðslu til stórs hluta fyrirtækja,“ segir Brynja Baldursdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Á næstu dögum og vikum þarf að meta nokkur þúsund fyrirtæki til þess að ákvarða hvort og þá hvaða úrræði eigi að standa þeim til boða.**

yfirsýn tapast. Í Litháen vorum við að klára kerfi í samstarfi við Seðlabankann sem auðveldar skráningar fyrirtækja á vanskilaskrá til muna og aðgengi að þeim upplýsingum. Þetta er hugsað sem hvati til fyrirtækja til að standa í skilum. Sú nálgun virkar þar en yrði engin stemning fyrir hér.“

### Stýrir líka í Austur-Evrópu

*Þú stýrir Creditinfo á Íslandi og í Eystrasaltslöndunum. Hver er helsta áskorunin við að bera ábyrgð á rekstri hérlendis og í þremur öðrum löndum?*

„Mesta áskorunin hefur mér þótt vera að fjarstýra hlutum, ég get auðvitað ekki verið í öllum löndunum alltaf. Það er oft flóknara að geta ekki bara sest niður með fólki og leyst málin. Það er erfiðara að fá tilfinningu fyrir hlutum úr fjarska en þegar maður er á staðnum. En nú erum við auðvitað öll í þeim aðstæðum.

Við erum öll svo ótrúlega lík inn við beinið en menningarmunur telur aðeins. Eitt áhugaverðasta sem ég hef lent í var þegar starfsmaður í einu fyrirtækinu kom til mín og hafði áhyggjur af því að nýskipaður framkvæmdastjóri vissi bara ekki neitt, hún væri alltaf að spyrja þau hvernig þau vildu hafa þetta og hitt. Þá vorum við að skipta út framkvæmdastjóra sem var með öll svörin og þurfti að samþykkja allt. Svona stjórnunarstíll held ég að þekkist varla hér lengur. Starfsmaðurinn sem var vanur þessu tók þessu hins vegar sem svo að hún væri alltaf að spyrja því hún vissi ekki hvað hún ætti að gera. Það er rétt að taka fram að síðan eru liðin næstum því þrjú ár og þessi framkvæmdastjóri er búinn að ná frábærum árangri í rekstrinum þarna.“

*Hvaða áhrif hefur kórónaveiran haft á tekjur og rekstur Creditinfo á Íslandi og í Eystrasaltslöndunum?*

„Við erum að selja áhættustýringu sem er meiri eftirspurn eftir í krísu en í góðæri. Við, eins og allir aðrir, gerum ráð fyrir að sjá einhvern samdrátt, sérstaklega til skemmri tíma, en við gerum ekki ráð fyrir að þurfa að minnka starfshlutfall hjá neinum. Það á þó auðvitað allt eftir að koma í ljós, ég held að flestir séu enn þá bara að stýra sínum rekstri viku fyrir viku þessa dagana.“

*Það hafa komið upp peningaþvættismál hjá norrænum bönkum í Eystrasaltslöndunum. Af hverju voru bankar frá Norðurlöndunum berskjaldaðir fyrir peningaþvætti í Eystrasaltslöndunum?*

„Skandinavísku bankarnir eru stærstu bankarnir á þeim mörkuðum en á síðustu árum hafa komið upp nokkur mjög stór peningaþvættismál. Ástæðan er fyrst og fremst nálægðin við Rússland og uppruni svikanna hefur verið þar. Nokkrir bankar hafa þurft að loka eða beðið mikinn álitshnekki út af þessu. Danske Bank er til dæmis ekki lengur starfandi þarna og forstjóri Swedbank í Svíþjóð þurfti að segja af sér vegna hneykslis sem kom upp þarna.“

### Vandi að rekja eignarhald erlendis

*Creditinfo þróaði varnir fyrir fjármálafyrirtæki á því svæði. Hvað geturðu sagt mér um þá vinnu?*

„Peningaþvættisvarnir eru mjög stórt umræðuefni í Eystrasaltslöndunum og hafa verið um nokkurt skeið. Reglugerð um peningaþvætti frá Evrópusambandinu hefur verið innleidd í flestum löndum Evrópu, þar með talið hér og lentum við meðal annars á gráa lista FATF í fyrra eins og frægt er orðið. Þessi mál eru því alltaf að verða mikilvægari og vega þyngra í rekstri fjármálafyrirtækja.

Við erum að þróa vörur fyrir peningaþvættisvarnir í Eistlandi sem til stendur að nýta á fleiri mörkuðum. Við höfum átt mjög gott samstarf við samtök fjármálafyrirtækja í bæði Eistlandi og Lettlandi en mér finnst Lettarnir hafa sýnt mjög skapandi hugsun við hvernig þau hafa innleitt þessar reglugerðir frá Evrópusambandinu. Sem er í sjálfu sér áhugavert þar sem Lettland slapp naumlega við að slást í hóp með okkur á gráa lista FATF nú í febrúar.

Við erum aðallega að horfa á ferlið þegar aðili kemur í viðskipti. Ástæðurnar fyrir því að við förum í þessa vinnu er sú að okkar sérhæfing liggur í að vinna með gögn um fyrirtæki og einstaklinga. Þau eru oft persónuverndað sem þýðir að við erum með alla ferla og öryggisstaðla til að höndla þau gögn sem þarf í þessu ferli auk þess sem við eigum nú þegar talsvert af þeim gögnum sem þarf að nota.

Mjög stórt vandamál er að rekja eignarhald, sérstaklega þegar um erlenda aðila er að ræða. Við erum til dæmis hér á Íslandi með mjög góða yfirsýn yfir eignarhald innlendra aðila en það stoppar oftast þegar til útlanda er komið. Sem hluta af nýju lausninni erum við búin að semja við stóra gagnabirgja á okkar stærstu viðskiptamörkuðum sem þýðir að brátt verður hægt að ganga mun lengra í að rekja eignarhaldið. Hugmyndin með lausninni er einnig að endurnýta umsóknargögn þannig að ef aðili er búinn að sækja um á einum stað er hægt að sækja öll gögn í gagnabankann og umsækjandinn þarf ekki að skila öllu inn upp á nýtt. Eins er hugmyndin að hægt verði að sjá ef aðila hefur verið hafnað eða hann staðinn að svikum.“

*Má nýta eitthvað af þeirri vinnu á Íslandi?*

„Já, það stendur til að kynna þessa lausn fyrir okkar viðskiptavinum í skrefum á næstu mánuðum. Við höfum tekið fyrstu skrefin með því að gera upplýsingar um endanlega eigendur enn aðgengilegri, og nú má til dæmis sjá myndræna framsetningu á eignarhaldi eða svokallað tengslanet. Við ætlum einnig að bjóða upp á vöktun á endanlegum eigendum á næstu mánuðum en samkvæmt íslenskum lögum bera fyrirtæki ábyrgð á því að þeir séu skráðir. Það er ekkert endilega auðvelt ef eignarhaldið er flókið.“

### Tölfræði um uppskeru

*Creditinfo þarf stundum að fara óhefðbundnar leiðir til að meta lánshæfi því það starfar líka í löndum þar sem fjármálamarkaðir eru vanþróaðir. Geturðu nefnt áhugavert dæmi um það?*

„Já, við höfum til dæmis unnið með gögn úr símum í Afríku þar sem til dæmis notkun á farsímaforritum, hringimynstur og annað er notað til að meta lánshæfi. Einnig unnum við áhugavert verkefni fyrir landbúnaðarbanka í Georgíu þar sem horft var til tegundar landbúnaðar og tölfræði um uppskeru og fleira við lánshæfismat. Það varð ansi gott.

Vandamálið við að meta lánshæfi er að litlar fjárhagslegar upplýsingar eru til um sumt fólk og fyrirtæki. Hér á Íslandi erum við komin í viðskipti við banka snemma svo okkar fjármálasaga er mjög vel þekkt miðað við mörg lönd. En við erum að starfa á mörkuðum, sérstaklega í Afríku, þar sem meira en helmingur þjóðarinnar er ekki í bankakerfinu. Algengasta ástæða þess að fjármálasaga er ekki til hér er sú að um ungt fólk er að ræða eða aðila sem eru nýfluttir hingað, eða að fyrirtækið er nýstofnað.“

## Situr í fjórum stjórnum

Brynja situr í stjórnum þriggja fyrirtækja og Viðskiptaráðs. „Ég hef verið svo heppin að fá að taka þátt í rekstri nokkurra fyrirtækja gegnum stjórnarsetu. Ég sit í stjórn Sensa, sem er tæknifyrirtæki með áherslu á grunnrekstur og innviði, er í stjórn Fossa markaða sem er ungt fyrirtæki á sviði verðbréfamiðlunar en byggir þó á traustum grunni og að lokum sit ég í stjórn Véla og verkfæra, sem er heildsala og fjölskyldufyrirtæki. Það er gaman að segja frá því að öll fyrirtækin sem ég sit í stjórn hjá voru á lista Creditinfo yfir Framúrskarandi fyrirtæki í fyrra. Ég var alveg einstaklega stolt af því og því flotta fólki sem starfar hjá þeim,“ segir hún.

Hvers vegna sóttist þú eftir að sitja í stjórn Viðskiptaráðs?

„Viðskiptaráð er sterkur samráðsvettvangur fyrir atvinnulífið til að hafa áhrif á umhverfi sitt. Samtök atvinnulífins eru líka mjög mikilvæg, sérstaklega þegar kemur að kjarasamningum, en hafa aðeins formlegra hlutverk. Viðskiptaráð getur tekið meira afgerandi afstöðu og talað skýrar. Mér hefur alltaf þótt skipta máli að leggja mitt af mörkum til samfélagsins þó að ég hafi tekið mér langar pásur vegna anna á öðrum sviðum lífsins. Ég er nú að hefja mitt annað kjörtímabil hjá Viðskiptaráði og hlakka til að taka enn virkari þátt í því góða starfi sem fram fer þar.“



**Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marels.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Fleiri pantanir en verri afkoma en spáð var

Greinendur bandaríska stórbankans JP Morgan segja að auknar pantanir og sterkt sjóðsstreymi hafi staðið upp úr í uppgjöri Marels fyrir fyrsta fjórðung ársins. Rekstrarniðurstaða félagsins hafi þó litast af endurskipulagningu og kostnaði vegna áhrifa kórónaveirunnar.

Þetta kemur fram í viðbrögðum greinenda JP Morgan við uppgjörinu sem Markaðurinn hefur undir höndum.

Sérfræðingar bankans höfðu spáð því að rekstrarhagnaður Marels á fjórðungnum – aðlagaður fyrir afskrift á óefnislegum eignum sem tengjast yfirtökum – yrði um 10,6 prósent af tekjum félagsins en EBIT-hlutfallið var þess í stað 8,4 prósent.

Virði móttekinna pantana Marels á tímabilinu, sem nam alls 352 milljónum evra, var hins vegar tveimur prósentum hærra en greinendur JP Morgan höfðu gert ráð fyrir. Greinendurnir taka fram að þeir hafi búist við háum pöntunum vegna stórra uppbyggingarverkefna sem Marel hafi tryggt sér en heildarpantanastaðan gefi til kynna að góður gangur sé einnig í öðrum verkefnum.

Haft var eftir Árna Oddi Þórðarsyni, forstjóra Marels, í afkomutilkynningu félagsins að mótteknar pantanir hefðu aldrei verið fleiri. Þær hefðu dreifst vel á milli stærri verkefna, staðlaðra lausna og varahluta.

Í viðbrögðum hagfræðideildar Landsbankans við uppgjörinu er bent á að bæði tekjur og rekstrarhagnaður Marels hafi verið undir væntingum á fjórðungnum, þótt gera verði fyrirvara við afkomuspár um þessar mundir.

Greinendur bankans nefna að nýjar pantanir á tímabilinu muni skila sér í tekjum á síðari hluta ársins og væntingar um afkomu á yfirstandandi ársfjórðungi eigi því að vera í lágmarki vegna aðstæðna. Ekki sé vitað með vissu hver verði efnahagsleg áhrif kórónaveirunnar á félagið. **– kij**

# Flestar ráðstefnur í Hörpu færðar fram á næsta haust

Harpa getur verið án tekna í nokkra mánuði án þess að óska eftir aðstoð frá eigendunum. Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri hússins, segir að ráðstefnur og hvataferðir skipti samfélagið og efnahagslífið miklu máli. Einungis brot af tekjunum verði eftir í Hörpu. Fasteignagjöld Hörpu eru um 320 milljónir króna.

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is





**„Við vonumst til þess að þær ráðstefnur og viðburðir sem halda á í haust verði að veruleika,“ segir Svanhildur.**

Langflestar alþjóðlegar ráðstefnur sem hætt hefur verið við að halda í Hörpu vegna kórónaveirunnar og áttu að fara fram í apríl, maí og júní hafa verið færðar yfir á næsta ár. Þetta segir Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri hússins.

„Við vonumst auðvitað til þess að þær ráðstefnur og viðburðir sem halda á í haust verði að veruleika. Myndin skýrist smám saman þrátt fyrir óhjákvæmilega óvissu en núna erum við til að mynda farin að vinna með viðburði sem stefnt er að í ágúst,“ segir hún.

Að sögn Svanhildar var Hörpu lokað þegar samkomubannið var hert 25. mars. Horft er til þess að hægt verði að opna húsið að einhverju leyti 4. maí þegar 50 megi vera í sama rými í stað 20 eins og nú sé. „Við leggjum mjög ríka áherslu á að koma viðburðahaldinu af stað sem allra fyrst.“

Aðspurð hve lengi Harpa geti verið án tekna án þess að óska eftir aðstoð frá eigendum sínum, sem er ríkið og Reykjavíkurborg, segir Svanhildur það vera fáeina mánuði í ljósi þeirra aðgerða sem gripið hafi verið til. Brugðið hafi verið á það ráð að nýta hlutabótaleiðina og allir starfsmenn Hörpu því miður orðið að taka á sig skerðingar í starfshlutfalli og launum. „Við erum að stíga á bremsuna með allan kostnað sem hægt er að fresta og nýtum þau úrræði sem í boði eru fyrir fyrirtækin í landinu,“ segir Svanhildur.

Hún segir að Harpa hafi ekki formlega óskað efir aðstoð frá eigendum sínum en þeir hafi verið upplýstir um stöðu mála. „Það mun ráðast af því hve lengi ástandið varir. Við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til komast í gegnum þrengingarnar án þess. Mögulega mun koma upp sú staða að þegar hlutirnir fara aftur af stað verðum við einungis með brot af þeim tekjum sem við þurfum næstu misserin. Það breytir stöðunni augljóslega að minnsta kosti þar til viðburðahald og ferðaþjónusta komast aftur í eðlilegt ástand.“

> **Það breytir því ekki að Harpa er ekkert að fara og mikilvægi starfseminnar sjaldan verið meira. Húsið okkar verður hér um ókomin ár og mun halda áfram að glæða Ísland lífi.**
>
> Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri Hörpu.



Svanhildur nefnir að rekstraraðilar í húsinu finni líka fyrir því að ferðamenn komi ekki til landsins. Í húsinu er til dæmis bóka- og blómabúðin Upplifun, hönnunarverslunin Epal, ferðamannaþjónustan Sterna Travel, ferðamannaþjónustan Geysirland, veitingaþjónusta KH tengd viðburðahaldinu og veitingastaðirnir Bergmál og Kolabrautin.

Þurfið þið að gefa þeim afslátt á leigugreiðslum?

„Við erum að reyna að koma til móts við fyrirtækin eins og við mögulega getum. Við leggjum áherslu á að finna flöt þar sem hægt er að sameinast um að allir taki á sig einhverja skerðingu. Næstu skref verða metin eftir því sem myndin skýrist betur.“

Aðspurð segir Svanhildur að fasteignagjöld Hörpu séu um 320 milljónir króna. Þeim verði að líkindum ekki hnikað nema með almennum aðgerðum á vegum borgarinnar. „Fasteignagjöldin taka tölurvert í það blasir alveg við. Harpa hefur verið rekin með tapi frá upphafi og hefur verið að slást við ýmiss konar forsendubrest frá upphaflegum hugmyndum um sjálfbærni. Við höfum á umliðnum mánuðum verið að endurskoða rekstrarmódel hússins í góðri samvinnu við eigendur í því skyni að skapa húsinu heilbrigðan rekstrargrundvöll til framtíðar.“

Það verkefni verður væntanlega erfiðara í ljósi frosts í heimshagkerfinu?

„Já, það má gera ráð fyrir því. Það breytir því ekki að Harpa er ekkert að fara og mikilvægi starfseminnar sjaldan verið meira. Húsið okkar verður hér um ókomin ár og mun halda áfram að glæða Ísland lífi.“

Svanhildur segir að fjöldi ráðstefna og hvataferða hefði ekki komið til Íslands ef ekki væri fyrir Hörpu. „Ráðstefnur og hvataferðir skipta samfélagið og efnahagslífið miklu máli. Það er feikilega mikilvægt að setja þessa markhópa mjög ofarlega á blað í því markaðsátaki opinberra aðila sem fram undan er. Þúsund manna alþjóðlegur viðburður í húsinu sem stendur yfir í þrjá til fjóra daga skapar samfélaginu 300-400 milljónir króna í gjaldeyristekjur. Ekki nema brot af því verður eftir í húsinu. Fólk kaupir flugmiða, hótelgistingu, ferðir um landið og mat á veitingastöðum. Í Hörpu á sér stað mikil verðmætasköpun í víðum skilningi, hvort sem litið er til menningar, efnahagslífsins eða samfélagslegra verðmæta og við verðum að tryggja með öllum ráðum að svo verði áfram,“ segir hún.

# Hætti við viðskipti sem stefni í tvísýnu hagsmunum sjóðfélaga

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hvetur lífeyrissjóði til þess að „íhuga vandlega, seinka eða hætta við ákvarðanir eða viðskipti sem geta stefnt í tvísýnu langtímahagsmunum sjóðfélaga og lífeyrisþega“, eins og það er orðað í dreifibréfi sem eftirlitið sendi lífeyrissjóðum landsins síðdegis í gær.

Ábendingar fjármálaeftirlitsins, sem varða starfsemi og fjárfestingar lífeyrissjóðanna og vörsluaðila séreignarsparnaðar vegna heimsfaraldurs kórónaveirunnar, eru samdar með hliðsjón af nýlegum yfirlýsingum Evrópsku vátryggingar- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar og fjármálaeftirlitsnefndar Seðlabankans.

Þó er enga sambærilega ábendingu að finna í umræddum yfirlýsingum um að lífeyrissjóðir skoði sérstaklega, seinki eða hætti við tilteknar ákvarðanir eða viðskipti.

Þeir forsvarsmenn innan lífeyrissjóðakerfisins sem Markaðurinn ræddi við í gærkvöldi höfðu ýmist ekki kynnt sér áðurnefnda ábendingu eftirlitsins eða kusu að tjá sig ekki um hana að svo stöddu.

Í dreifibréfi fjármálaeftirlitsins segist eftirlitið fylgjast náið með og meta áhrif breytinga á fjármálamörkuðum á tryggingafræðilega stöðu samtryggingaradeilda lífeyrissjóða til skamms tíma og viðnámsþrótt þeirra til lengri tíma.



**Unnur Gunnarsdóttir varaseðlabankastjóri.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Fjármálaeftirlitið mun beita sér fyrir því að gætt sé jafnvægis milli langtímahagsmuna sjóðfélaga og skammtímaaðgerða við hinar núverandi ótryggu markaðsaðstæður sem leitt geta til sveifluaukandi áhrifa á hagkerfið og fjármálamarkaðinn,“ segir jafnframt í dreifibréfinu.

> **Fjármálaeftirlitið hvetur lífeyrissjóði til að íhuga vandlega, seinka eða hætta við ákvarðanir eða viðskipti sem geta stefnt í tvísýnu langtímahagsmunum sjóðfélaga og lífeyrisþega.**
>
> Úr dreifibréfi fjármálaeftirlits Seðlabankans til lífeyrissjóðanna.

Auk þess hyggst Fjármálaeftirlitið fylgjast sérstaklega með lausafjárstöðu samtryggingar- og séreignardeilda sjóðanna vegna meðal annars samdráttar í arðgreiðslum, seinkunar iðgjaldagreiðslna, samkomulags um greiðslufresti á lánum og aukinna úttektarheimilda séreignarsparnaðar.

Eftirlitið leggur til viðbótar áherslu á að samfella verði tryggð í lykilstarfsemi í daglegum rekstri sjóðanna. Það taki meðal annars til innheimtu iðgjalda, fjárfestinga og öruggrar vörslu eigna.

Til upprifjunar tók fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabankans fram í yfirlýsingu sem hún sendi frá sér fyrr í mánuðinum að helsta óvissan í starfsemi sjóðanna um þessar mundir tengdist stöðu og horfum á fjármálamörkuðum og áhrifum þess á eignasafn sjóðanna til lengri tíma.

Varanleg verðlækkun á eignamörkuðum gæti haft áhrif á tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða og sagðist fjármálaeftirlitið fylgjast náið með framþróuninni. **– kij**

# Ný tækifæri skapast í Singapúr

## Svipmynd

**Guðrún Rós Jónsdóttir**

**Nám:** M.Sc.-gráða í viðskipta- og markaðsfræði frá Viðskiptaháskóla Árósa, með áherslu á viðskipti milli fyrirtækja (B2B-viðskipti). B.Sc.-gráða í rekstrarhagfræði frá Háskólanum á Akureyri.

**Störf:** Framkvæmdastjóri Spakur Finance sf.

**Fjölskylduhagir:** Í sambandi með Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra, móðir Viktors (21 árs) og Freyju (18 ára).



„Ég elska vatn í öllu formi," segir Guðrún Rós Jónsdóttir, framkvæmdastjóri MainManager. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Guðrún Rós Jónsdóttir, framkvæmdastjóri hugbúnaðarfyrirtækisins MainManager, segir að á fyrsta ársfjórðungi hafi COVID-19 ekki haft neikvæð áhrif á reksturinn. Hún vonar að áhrifin verði sem minnst.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Ég elska vatn í öllu formi. Fer í sjósund á sumrin en sundlaugarnar á veturna. Síðustu tvö ár hef ég siglt á kajak og allra nýjasta áhugamálið er gönguskíði. Er að byrja í því sporti en hef hingað til verið á svigskíðum. Þannig að annað hvort er ég ofan í vatni eða ofan á vatni í föstu eða fljótandi formi. Mér þykir líka alltaf gott að lesa góða bók.

*Nærðu að halda jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs?*

Hjá MainManager er boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma og fjarvinnu sem auðveldar að sameina vinnu og fjölskyldulíf. Stundum getur þetta verið strembið en á heildina litið gengur þetta bara ljómandi vel. Við hjónin erum heldur ekki lengur með ung börn en þau eru komin á unglingsaldur. Maður vill reyndar alltaf hafa fleiri klukkustundir í sólarhringnum en það er erfitt nema að fara að stunda það að fljúga á milli tímabelta.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Hún er ekki flókin. Skelli mér í sturtu, þarf stundum að ýta við krökkunum en að mestu sjá þau um sig sjálf núorðið. Fæ mér alltaf góðan morgunmat, morgunkorn og tilheyrandi. Ekki má gleyma lýsinu sem maðurinn minn kallar hjátrú Íslendinga. Er síðan komin í vinnuna upp úr klukkan 8.30.

*Hverjar verða helstu áherslurnar í rekstrinum á næstu misserum?*

MainManager hugbúnaðurinn heldur utan um viðhald og rekstur mannvirkja hérlendis og erlendis. Við leggjum nú alla áherslu á að ljúka við nýju MainManagerFM lausnina okkar sem mun umbylta því hvernig þrívíddarlíkön (BIM), 2D teikningar og GIS-kort eru notuð í rekstri.

Hugbúnaðarþróun lýkur aldrei. Aukin áhersla verður á gervigreind og IoT-skynjara í okkar hugbúnaði. Markmið okkar er að nýta þessa tækni og hjálpa þannig fyrirtækjum að ná umhverfismarkmiðum sínum sem hefur bæði jákvæð áhrif á reksturinn og umhverfið. Þetta eru geysilega spennandi tímar hjá okkur og við sjáum fram á mörg tækifæri .

> **Maður vill reyndar alltaf hafa fleiri klukkustundir í sólarhringnum en það er erfitt nema að fara að stunda það að fljúga á milli tímabelta.**

*Hvaða tækifæri sjáið þið fram undan í rekstri MainManager?*

Við erum með öfluga viðskiptavini bæði innanlands og erlendis. Okkar aðalmarkaður erlendis hefur verið Norðurlöndin og Ísland þar á meðal. Við erum nýbúin að ljúka við innleiðingu í Danmörku hjá Árósum og erum í miðri innleiðingu hjá Ålesund í Noregi. Við sjáum áframhaldandi tækifæri á þessum mörkuðum og ný tækifæri í verkefni í Singapúr þar sem við erum í spennandi verkefni í samstarfi við samstarfsaðila í Englandi og Kajima í Japan. Þannig að við sjáum fram á spennandi tíma á núverandi og nýjum mörkuðum.

*Hefur COVID-19 haft áhrif á rekstur eða áætlanir fyrirtækisins?*

COVID-19 hefur á fyrsta fjórðungi ársins rekstrarlega séð ekki haft neikvæð áhrif og vonum við að þau verði sem minnst.

Við erum heppin með að allir starfsmenn okkar geta unnið heiman frá og margir af okkar viðskiptavinum einnig. Við erum vön að vinna með fjarfundarbúnað innan MainManager en núna hefur notkun fjarfunda með viðskiptavinum aukist og það gengur bara ljómandi vel. Við verðum samt að vera viðbúin því að vari ástandið lengi geti það haft áhrif á reksturinn.


Þetta flytur sig ekki sjálft!

(Nýir atvinnubílar á langtímaleigu koma hreyfingu á hlutina)

SIXT langtímaleiga




Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl

Verð frá:
63.900 kr. á mán án vsk.
Verð með vsk. frá: 79.236 kr. á mánuði.

Pantaðu bílinn á sixtlangtimaleiga.is.

Innifalið í langtímaleigu:

☑ Tryggingar og gjöld ☑ Dekk og dekkjaskipti ☑ Þjónustuskoðanir ☑ Hefðbundið viðhald

Sixt langtímaleiga einfaldar reksturinn
Kynntu þér kosti langtímaleigu á sixtlangtímaleiga.is eða hafðu samband við viðskiptastjóra Sixt í síma 540 2222 eða á vidskiptastjori@sixt.is.

# Er hráolía orðin verðlaus?



**Þórður Gunnarsson,**
sérfræðingur á sviði hrávörumarkaða



Verðhrun á framvirkum samningum um hráolíu til afhendingar í maí bættist í mengi hinna fjölmörgu fordæmalausu atburða sem hafa átt sér stað á undanförnum vikum. Framvirki samningurinn um afhendingu olíu í maímánuði lækkaði um tæplega 56 dali á tunnu á mánudag og endaði daginn í mínus 37,63 dölum. Framleiðendur þurftu að greiða kaupendum fyrir að taka við olíu, þar sem ekkert geymslupláss var eftir í tanka- eða leiðslukerfum í Cushing í Oklahoma, þar sem verðmyndun West Texas Intermediate-hráolíunnar (WTI) á sér stað.

Augljóst er að eftirspurn eftir hráolíu hefur fallið mikið frá því um miðjan mars þegar margvíslegar ferðatakmarkanir og útgöngubann tók gildi víða um heim, en þó er það ekki svo að olía sé orðin verðlaus. Hræringar gærdagsins eru að hluta komnar til vegna stöðutöku fjárfesta í framvirkum samningum, en einnig koma þar til sögunnar takmarkanir á geymsluplássi fyrir hráolíu auk tæknilegra takmarkana í rekstri olíufyrirtækja.

Sjóðsstjórar og fjárfestar hafa í auknum mæli sótt í framvirka olíusamninga eftir mikið verðfall á undanförnum mánuðum. Fyrst vegna þess að Rússar sögðu sig úr samstarfi við OPEC og svo vegna farsóttarinnar.

Framvirkir samningar um olíu eru þannig úr garði gerðir að við lok samnings þarf eigandi hans að taka við olíunni. Í venjulegu árferði er þetta ekki vandamál fyrir fjárfesta þar sem alltaf er kaupandi til staðar sem getur tekið við framvirkum samningi með stuttum afhendingartíma, meðal annars markaðsviðskiptaborð olíufélaganna eða olíuhreinsistöðvar. Þess konar kaupendur eru jafnan með langtímasamninga um geymslupláss fyrir olíu. Dæmi eru um að stórar olíuhreinsistöðvar hafi hreinlega snúið flæðinu við – eru að dæla af sínum millitönkum til baka inn í Cushing.

> Vegna þessa gríðarlega skorts á geymsluplássi komust margir fjárfestar hreinlega ekki út úr þessum stöðum sínum nema láta þær frá sér ásamt meðgjöf.

Heilt yfir hafa olíuhreinsistöðvar hægt mjög á starfsemi sinni og bæði draga úr kaupum á olíu og nýta eins geymsluplássið sitt á annan hátt. Það tekur hins vegar lengri tíma að draga úr framleiðslu við olíulindir og því hafa birgðageymslur í Cushing nánast fyllst. Samkvæmt greiningu Goldman Sachs voru 77 prósent alls geymslupláss fullnýtt í lok síðustu viku og allar líkur taldar á að plássið muni fyllast upp í topp fyrstu vikuna í maí.

Vegna þessa gríðarlega skorts á geymsluplássi komust margir fjárfestar hreinlega ekki út úr þessum stöðum sínum nema láta þær frá sér ásamt meðgjöf. Verðið á geymsluplássi var einfaldlega orðið það hátt. Það sýnir okkur að olían var aldrei orðin verðlaus, heldur aðeins ódýrari en tankplássið.

Margir fóru illa út úr þessari þróun. Til að mynda þurfti stórbankinn Barclay's að loka einum sjóða sinna á þriðjudag, en sá var þriðji stærsti kauphallarsjóður (ETF) heims með áherslu á fjárfestingar í hráolíu.

Stærsta vandamálið stendur hins vegar eftir: Hinn mikli samdráttur í eftirspurn. Millilandaflug liggur víðast hvar nánast niðri og eftirspurn eftir bensíni í smásölu í Bandaríkjunum hefur dregist saman um næstum því 60 prósent.

Augljóst er að þessi minni eftirspurn er beintengd við ákvarðanir stjórnvalda víðast hvar um að banna ferðalög og í mörgum tilfellum allar mannaferðir.

Líklegt er að eftirspurn aukist hratt á ný eftir að ferðatakmörkunum og öðrum aðgerðum stjórnvalda víða um heim er aflétt. Þó er ekki víst að olíunotkun nái fyrra stigi strax, enda liggur fyrir að fluggeirinn í heiminum öllum muni liggja eftir mjög særður og vilji almennings til ferðalaga gæti einnig verið tregur um skeið.

En þangað til mun reyna mjög á innviði olíugeirans, það er leiðslukerfi, tankapláss á sjó og landi, en ekki síst þau þjóðríki sem reiða sig á tekjur af olíusölu.

# Samræming reglna um sértryggð skuldabréf



**Freyr Snæbjörnsson**
lögmaður
á LOGOS



**Jónas Már Torfason**
laganemi
á LOGOS

Útgáfa sértryggðra skuldabréfa (e. Covered bonds, d. realkreditobligationer) hefur verið vinsæl í Evrópu allt frá síðustu áratugum 18. aldar og hefur í kjölfar efnahagshrunsins rutt sér til rúms meðal bandarískra og asískra fjármálafyrirtækja. Skuldabréfin gera útgefendum kleift að fjármagna sig með ódýrum hætti til langs tíma og eru öflugt tól fyrir lánastofnanir til að draga úr vaxtaáhættu af útlánum.

Í ljósi þróunar og vaxandi vinsælda sértryggðra skuldabréfa lagði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fram tillögu að samræmdu regluverki um sértryggð skuldabréf sem þegar hefur hlotið samþykki Evrópuþingsins. Slíkri samræmingu er m.a. ætlað að auðvelda markaðssetningu sértryggðra skuldabréfa á milli ríkja innan Evrópu og samræma þær fjármálaafurðir sem fá ívilnandi meðferð við útreikning eiginfjárhlutfalls.

**Lítil breyting á kröfum til útgefenda**

Evrópuregluverkið um sértryggð skuldabréf byggir á löggjöf þeirra ríkja sem hafa verið framarlega í útgáfu sértryggðra skuldabréfa, en Danmörk og Svíþjóð eru meðal þeirra fimm þjóða sem nýta þessa fjármálaafurð hvað helst. Íslensk lög um sértryggð skuldabréf voru byggð á sænskri löggjöf um sama efni. Af þessu leiðir að mjög stutt er á milli gildandi íslenskrar löggjafar og hins nýja Evrópuregluverks.

Það verður því takmörkuð breyting á þeim kröfum sem gerðar eru til sértryggðra skuldabréfa að íslenskum lögum með tilkomu hins nýja regluverks. Helstu breytingar sem verða hér á landi með hinu nýja regluverki er að skuldabréfin munu þurfa að vera tryggð að fullu en ekki er gerður áskilnaður um sérstakt tryggingahlutfall í íslenskum lögum. Jafnframt þarf að tryggja nægjanlegt fjárstreymi af bréfunum fyrir 180 daga hverju sinni.

Kröfur hins evrópska regluverks um hverjir mega vera útgefendur sértryggðra skuldabréfa munu hafa takmörkuð áhrif á íslenska útgefendur sem og kröfur til tryggingasafnsins, þar sem íslensk lög gera að þessu leyti strangari kröfur en hið nýja Evrópuregluverk.

**Breytingar á eiginfjárreglum**

Í lögum eru gerðar ítarlegar og strangar kröfur til eiginfjárhlutfalls fjármálafyrirtækja. Þær kröfur eiga rætur að rekja til Evrópureglna, þ.e. CRD IV og CRR. Vegna þess að sértryggð skuldabréf eru almennt talin sérstaklega örugg fjárfesting hafa þau fengið ívilnandi meðferð við útreikning eiginfjárhlutfalls, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

> Nýmæli í regluverkinu er að útgefendur sértryggðra skuldabréfa geta sameiginlega sett saman tryggingasafn og gefið út sértryggð skuldabréf.

Hingað til hefur þó ekki verið fyllilega samræmt innan Evrópu hvaða kröfur sértryggð skuldabréf þurfa að uppfylla til að njóta slíkrar ívilnandi meðferðar, sem leiðir af skorti á samræmdri skilgreiningu á hugtakinu sértryggð skuldabréf. Aðildarríkjum hefur hingað til að stórum hluta verið eftirlátið að kveða á um hvað telst sértryggt skuldabréf.

Hið nýja regluverk mun taka á þessu með því að samræma skilgreiningu á hugtakinu sértryggð skuldabréf, sem vísað verður til í CRR. Jafnframt verða þar gerðar ákveðnar viðbótarkröfur til sértryggðra skuldabréfa til að þau fái notið ívilnandi meðferðar samkvæmt CRR við útreikning eiginfjárhlutfalls.

**Sameiginleg útgáfa sértryggðra skuldabréfa**

Nýmæli í regluverkinu er að útgefendur sértryggðra skuldabréfa geta sameiginlega sett saman tryggingasafn og gefið út sértryggð skuldabréf. Í þessu felast eflaust tækifæri fyrir íslensk fjármálafyrirtæki sem á evrópskan mælikvarða teljast fremur smá.

Kostnaðurinn af útgáfu sértryggðra skuldabréfa er framan af nokkuð mikill. Fjöldi þeirra skuldabréfa sem mynda saman undirliggjandi tryggingasafn hefur jafnframt áhrif á fjárflæði, sem er eftirsóknarvert á markaði fyrir sértryggð skuldabréf. Stærðarhagkvæmni skiptir því umtalsverðu við útgáfu skuldabréfanna.

Þess vegna er útgefendum heimilað að mynda saman tryggingasafn fyrir útgáfu sértryggðra skuldabréfa, en það mun lækka fjármögnunarkostnað og gera viðkomandi fyrirtækjum kleift að taka í auknum mæli þátt í sívaxandi markaði fyrir þessa tilteknu fjármálaafurð.

**Evrópustimpill**

Hið nýja regluverk gerir þá kröfu að aðeins sértryggð skuldabréf sem uppfylla skilyrði innlendrar löggjafar sem innleiða hið nýja regluverk séu merkt sem European Covered Bond, ásamt þýðingu á því hugtaki. Jafnframt að einungis þau skuldabréf sem uppfylli skilyrði þess að fá ívilnandi meðferð samkvæmt CRR séu merkt sem European Covered Bond (Premium), ásamt þýðingu.

Fjárfestar munu þá geta gengið að því sem vísu að þau skuldabréf sem merkt eru með fyrri stimplinum uppfylli skilyrði Evrópuregluverksins um sértryggð skuldabréf og þau sem merkt eru með hinum síðarnefnda uppfylli öll skilyrði til að njóta ívilnandi meðferðar við útreikning á eiginfjárgrunni samkvæmt CRR. Miðar þetta að því að einfalda og auðvelda markaðssetningu sértryggðra skuldabréfa innan Evrópu.

**Innleiðing regluverksins á Íslandi**

Á grundvelli aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið ber Íslandi að taka upp hið nýja Evrópuregluverk um sértryggð skuldabréf. Það ferli getur tekið einhver ár að ljúka, sérstaklega ef ekki liggur sérstaklega á innleiðingu að mati íslenskra stjórnvalda.

Þar til regluverkið hefur verið innleitt að íslenskum rétti munu íslensk fyrirtæki að nokkru leyti standa höllum fæti miðað við fyrirtæki í ríkjum þar sem innleiðingu er lokið. Þeim verður til dæmis ekki heimilt að merkja skuldabréf sín með fyrrnefndum Evrópustimplum fyrr en hið nýja regluverk hefur verið innleitt í íslenskan rétt, sem aftur gæti haft áhrif á markaðssetningu þeirra innan Evrópu.

Eins og stendur er þó ekkert því til fyrirstöðu að íslenskir útgefendur fari að búa sig undir breytt regluverk og aðlaga sig því. Með samræmingu á hinum evrópska markaði fyrir sértryggð skuldabréf, sem er sá stærsti í heimi, er fyrirsjáanlegt að fjármálafyrirtæki utan Evrópska efnahagssvæðisins muni í auknum mæli fjárfesta í evrópskum sértryggðum skuldabréfum og markaðssetja sín eigin í álfunni. Íslensk fjármálafyrirtæki eru í kjöraðstæðum til að nýta sér þau tækifæri sem þar felast.

# HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu.
Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

**93.000** Íslendingar lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 550 5000
eða sendu póst á orn@frettabladid.is.

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.




*Prentmæling Gallup, 12 - 80 ára, okt. - des. 2019.
Mannfjöldatölur Hagstofu Íslands 2019

FRÉTTABLAÐIÐ – MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

## Skotsilfur

### Hvað tefur?



Rétt tæplega mánuður er liðinn frá því að Seðlabanki Íslands, undir stjórn **Ásgeirs Jónssonar,** tilkynnti að bankinn myndi fylgja í fótspor seðlabanka beggja vegna Atlantsála með því að hefja bein kaup á skuldabréfum ríkissjóðs á eftirmarkaði. Þannig á að koma í veg fyrir að aukin ríkisútgjöld hækki langtímavexti. Engin skuldabréf hafa enn verið keypt en í millitíðinni hafa Lánamál ríkisins boðið út töluvert magn ríkisskuldabréfa. Margir á markaði eru byrjaðir að furða sig á seinaganginum og velta fyrir sér hvað geti verið að tefja þessa mikilvægu aðgerð. Hvað er svona flókið?

### Sjálfsblekking



**Bogi Nils Bogason**, forstjóri Icelandair, vinnur nú að því ásamt stjórnendateymi sínu að tryggja rekstur félagsins til framtíðar. Fyrirhugað er að sækja aukið fé til fjárfesta en forsenda þess að það takist er að samið verði um verulega lækkun launakostnaðar. Í því ljósi vekja furðu yfirlýsingar flugstétta, meðal annars Flugfreyjufélagsins, um að þær muni ekki taka á sig launaskerðingar. Á tímum sögulegs atvinnuleysis – þegar starfsemi Icelandair er í lamasessi – kemur slíkt tal ekki heim og saman við veruleikann.

### Stóru málin



**Kolbeinn Óttarsson Proppé**, þingmaður VG, hefur lengi verið talsmaður þess að ríkið hafi tögl og haldir í fjármálakerfinu. Ef þingmaðurinn næði sínu fram myndi ríkið reka samfélagsbanka, stofna fjárfestingabanka loftslagsins og kasta arðsemiskröfunni út í hafsauga. Kolbeinn skrifaði nýlega pistil þar sem hann talar fyrir því að ríkið festi kaup á „einkafyrirtækinu“ Auðkenni, sem gefur út rafræn skilríki. Nú er lag að skoða það af fullri alvöru, skrifar þingmaðurinn. Ríkisbankarnir tveir fara saman með helmingshlut í Auðkenni. Fyrirtækinu verður í besta falli lýst sem hálfgerðu einkafyrirtæki. Og brýnni mál hljóta að vera á dagskrá.

## Sögulegt verðhrun á bandarískri hráolíu



Verð á bandarískri hráolíu, West Texas Intermediate, sem er til afhendingar í næsta mánuði hrundi á mánudag og varð neikvætt í fyrsta sinn í sögunni. Sökum kórónafaraldursins hefur eftirspurn eftir olíu nær þurrkast upp á sama tíma og olíutankar víða í Bandaríkjunum eru að fyllast. MYND/AFP

# Samkeppni í kreppum



**Valur Þráinsson**
aðalhagfræðingur Samkeppniseftirlitsins

Þessa mánuðina eru allflest lönd í heiminum að ganga í gegnum kreppu. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir því að verg landsframleiðsla dragist saman um 6,6% í Evrópu og 7,2% á Íslandi á árinu 2020 og aukist um 4,5% í Evrópu og 6% á Íslandi á árinu 2021. Til að stuðla að sem mestum bata er mikilvægt að stjórnvöld beiti öllum þeim tækjum sem þau búa yfir á skynsaman hátt, og hafi jafnframt í huga hvaða aðgerðir hafa reynst illa við að styrkja efnahagslífið og velferð almennings í kreppum.

**Verndarstefna dýrkeypt**

Í kreppum kemur iðulega upp sú umræða að vernda þurfi innlenda atvinnustarfsemi til að halda fyrirtækjum í rekstri og fólki í vinnu. Reynslan hefur hins vegar sýnt að verndarstefna er slæm leið til þess. Að loka markaði af frá utanaðkomandi samkeppni gerir fyrirtækjum kleift að hækka verð, minnka framleiðslu og vanrækja vöruþróun sem leiðir að lokum til enn dýpri og lengri kreppu. Í því samhengi má nefna að það hefur verið metið að framleiðni myndi lækka um 13% ef gripið yrði til þess ráðs að stöðva viðskipti á milli Evrópusambandsríkjanna, s.s. vegna verndarstefnu.

**Kreppan mikla**

Í kreppunni miklu sannfærðu iðnjöfrar Roosevelt forseta um að nauðsynlegt væri að draga úr samkeppniseftirliti og auka samstarf fyrirtækja. Áhrif þessa hafa m.a. verið metin svo að heildsöluverð hafi verið 24% hærra en ella árið 1935 vegna breytinganna. Breytingarnar, ásamt kröfum um að laun ættu einnig að vera yfir markaðsverði, eru taldar hafa leitt til 25% meira atvinnuleysis og að kreppan hafi staðið yfir allt að sjö árum lengur en ella. Árið 1938 breyttu bandarísk yfirvöld um stefnu og lögðu áherslu á að samkeppni og beiting samkeppnisreglna væri nauðsynleg til þess að tryggja efnahagslegar framfarir og velferð almennings. Bati sem hófst í bandarísku efnahagslífi í framhaldinu hefur verið rakinn til þessa.

**Óeðlileg forgjöf**

Sem viðbrögð við núverandi kreppu eru stjórnvöld í þeim löndum, sem hafa færi á, að grípa til ýmissa aðgerða til þess að styðja fólk og fyrirtæki. Til að tryggja að sá stuðningur raski ekki samkeppni þurfa ríki á Evrópska efnahagssvæðinu að fylgja regluverki um ríkisstuðning. Þrátt fyrir að stuðningurinn uppfylli hið evrópska regluverk verða íslensk stjórnvöld að gæta þess að stuðningurinn og útfærsla hans sé með þeim hætti að hann veiti hvorki einstökum fyrirtækjum né atvinnugreinum óeðlilega forgjöf.

**Leiðin áfram**

Á undanförnum áratug tókst íslenskum stjórnvöldum að mörgu leyti vel til í viðbrögðum sínum við fjármálakreppunni sem hófst á árinu 2008. Ekki var farin sú leið að vernda innlenda markaði heldur þess í stað voru tollar verið afnumdir og lækkaðir auk þess sem samkeppnislögin voru styrkt árið 2011. Þá voru íslensk stjórnvöld einbeitt í því að nema úr gildi gjaldeyrishöft og krefjast þess að endurreist fjármálafyrirtæki virtu kröfur samkeppnislaga. Þessu til viðbótar hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, í samstarfi við Samkeppniseftirlitið, haft umsjón með matsverkefni OECD sem miðar að því að greina og meta regluverk með tilliti til þess hvort það hamli samkeppni, og koma auga á leiðir til úrbóta.

Til að styrkja íslenskt efnahagslíf og velferð almennings til framtíðar er mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram að opna markaði, betrumbæta regluverk og tryggja að umgjörð íslenskra samkeppnisyfirvalda veiti þeim svigrúm til þess að efla virka samkeppni. Jafnframt ber að huga að því við útfærslu ríkisstuðnings að ávallt sé valin sú leið sem raskar samkeppni hvað minnst, fyrirtækjum sé ekki mismunað með ómálefnalegum hætti, fyrirtæki nýti sér ekki ríkisstuðning til samkeppnishamlandi uppkaupa á keppinautum, eignir séu seldar með gagnsæjum hætti við endurskipulagningu fyrirtækja, spornað sé við óæskilegum stjórnunar- og eignatengslum og svigrúm til að efla samkeppni verði nýtt. Framangreindar aðgerðir munu tryggja hvað best velsæld hér á landi til lengri tíma.

# Eru uppáhaldsliðin okkar nokkuð í hættu?



**Björn Berg Gunnarsson**
deildarstjóri greiningar og fræðslu hjá Íslandsbanka

Tekjulausir mánuðir og fullkomin óvissa um framvindu móta er tæplega nokkuð sem félögin í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu höfðu búið sig undir. Að ýmsu er að keppa í deildinni og það kostar skildinginn. Það er dýrt að keppa um titilinn, sæti í Evrópukeppni eða að forðast fall niður um deild og því eru félögin yfirleitt rekin rétt við núllið. Hjá mörgum þeirra má lítið út af bregða í rekstrinum og það ástand sem nú ríkir vekur eðlilega upp spurningar um afdrif einstakra liða.

Eins og svo oft áður eru þó ekki allir jafnir. City og United frá Manchester, Arsenal og Tottenham hafa sem dæmi borð fyrir báru sem West Ham skorti og því hafa eigendur Hamranna neyðst til að ráðast í umfangsmiklar aðgerðir til að halda liðinu á floti næstu vikurnar. Þar sem um tímabundið ástand er að ræða er stóra verkefnið, rétt eins og hvað atvinnulífið hér heima varðar, að fleyta liðunum í gegnum klandrið meðan á því stendur og lágmarka skaðann. En þar sem alls er óvíst hve lengi ástandið varir og til hvaða mótvægisaðgerða verður gripið af hálfu knattspyrnusambanda freista úrvalsdeildarliðin þess nú að lágmarka útgjöld og hámarka tekjurnar.

Hvað útgjöldin varðar snýst allt um launagreiðslur, sem nema um 2/3 hlutum veltu að meðaltali en allt að 85% hjá sumum. Ekkert varð úr tilraun til að samræma frestun eða lækkun launa en fæst félögin munu, án umtalsverðrar aðstoðar, bera núverandi launakostnað nema um skamma hríð. Formaður Burnley hefur sem dæmi sagt félagið stefna í greiðsluþrot síðsumars ef ekkert verður að gert. Sjónvarpsútsendingar skila félögunum að meðaltali helmingi tekna og allt að 80% hjá minni félögunum. Til að samningar standi má reikna með að ljúka þurfi þeim umferðum sem eftir eru án þess að stytta þurfi næsta tímabil.

> Sjónvarpsútsendingar skila félögunum að meðaltali helmingi tekna og allt að 80% hjá minni félögunum.

